ÁLFHÓLSSKÓLI

Ársskýrsla

Skólaárið 2012 - 2013

Menntun *Sjálfstæði* *Ánægja*

Efnisyfirlit

INNGANGUR 4

ANNÁLL 4

Haust 2012 4
Námsefniskynningar 4
Saman í sátt - vinabekkjardagar 4
Bóndi í heimsókn 5
Náttúruskóli í Vatnsmýrinni 5
Þemadagar 5
Læsi og lestrarhjólið 5
Spurningakeppnin „Lesum meira“ 5
Skólabúðir 6
Norrænu barnabókaverðlaunin 2013 6
Aðventa 6
List- og verkgreinar Álfhólsskóla 6
Öskudagur í Álfhólsskóla 7
Leikskólaheimsókn í Álfhólsskóla 7
Álfhólsskóli Íslandsmeistarar barnaskóladeilda í skák 2012 7
Vinabekkjadagur í Álfhólsskóla 8
Dagur barnabókarinnar 8
Sveitaferð 1. bekkinga að Bjarteyjarsandi 8
Reiðhjólahjálmar frá Kiwanisklúbbnum Eldey 8
Stefnumótunardagur í Álfhólsskóla 8
Heilsudagar 23. og 24. apríl 9
Vorið 9
Viðurkenning til Álfhólsskóla 9
Vorferð 10. bekkjar og útskrift 9

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR 10

Um Álfhólsskóla 10
Hlutverk, gildi og framtíðarsýn 10
Skipurit Álfhólsskóla 11
Stjórnendur 11
Skrifstofuþjónusta 11
Mötuneyti 11
Starfsmenn 12
Rekstur 12
Húsnæði 12
Nemendur 12
Skipting námsgreina 14
Vettvangsferðir 14
Hringekja 16
Skóladagatal 18
Dægradvöl 18
Viðburðardagatal skólaárið 2012 - 2013 19
Skóladagur nemenda 21
Nemendafélag 22
Saman í sátt 22
Heimasíða skólans 22
Aðgerðaráætlunin „Saman í sátt“ 23

Samvinna heimila og skóla varðandi tilkynningar um einelti: *23*
Vinabekkir *23*
Bekkjarfundir *23*
„Saman í sátt“ bekkjarfulltrúar *23*
Tengslakannanir *24*
Aðgerðir umsjónarkennara *24*
Árleg spurningakönnun *24*
KYNNINGARFUNDUR Í UPPHAFI NÆSTA SKÓLAÁRS 25
FRÉTTABRÉF “SAMAN Í SÁTT” 25
SKÝRSLUR UM EINELTISMÁL Á LIÐNU SKÓLAÁRI 25
SKÓLARÁÐ 26
SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA 26
SKÝRSLA FORELDRAFULLTRÚA Í SKÓLARÁÐI 26
ÁRLEGIR FORELDRAFUNDIR Í UPPHAFI SKÓLAÁRS 27
FORELDRAFÉLAG ÁLFHÓLSSKÓLA 27
Áform stjórnar foreldrafélags Álfhólsskóla 2012-2013: *27*
Viðburðir vetrarins. *28*
Eftirtaldir foreldra skipuðu stjórn foreldrafélagsins skólaárið 2012-2013 ..... *28*
Bekkjarfulltrúar skólaárið 2012-2013 ..... *28*
ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI 29
SÍMENNTUN STARFSMANNA 29
VIÐTÖKUSKÓLI KENNARANEMA 29
FAGFUNDIR GRUNNSKÓLANNA 30
LÆSI Í ÁLFHÓLSSKÓLA 30
MAT Á SKÓLASTARFI – SJÁLFSMAT 31
NÁM VIÐ HÆFI 32
SAMRÆMD PRÓF 32
ÝMSAR SKÝRSLUR 34
SKÝRSLA DEILDARSTJÓRA YNGRI- OG ELDRI DEILDA 34
SKÝRSLA DEILDARSTJÓRA SÉRÚRÆÐA 35
SKÝRSLA NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFA 40
ÞEKKINGARSMIÐJA ÁLFHÓLSSKÓLA 41
STUTT SAMANTEKT ÚR SKÝRSLUM UMSJÓNAR- OG FAGGREINAKENNARA 43
LOKAORÐ 45

Inngangur

Markmið með útgáfu árskýrslu Álfhólsskóla er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem fram fer í skólanum og draga fram helstu áherslur í skólastarfinu skólaárið 2012-2013. Auk þess að fjalla um daglegt starf og veita hagnýtar upplýsingar er lagt mat á árangur, hvað tókst vel til í starfinu og hvað mætti betur fara. Þetta er í fyrsta sinn sem skólinn tekur saman heildstæða ársskýrslu og verður að skoða hana og meta í því ljósi. Það er ætlun skólans að þróa þessa skýrslugerð áfram á næstu árum enda er ársskýrslunni ætlað að verða mikilvæg heimild um starf skólans til framtíðar. Að skýrslunni koma kennara, deildarstjórar, námsráðgjafar, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri.

Ársskýrslan skiptist í nokkra kafla, annál, hagnýtar upplýsingar, samstarf heimilis og skóla, áherslur í skólastarfi, skýrslur deildarstjóra og samantekt úr ýmsum skýrslum starfsmanna. Ársskýrsluna prýða ljósmyndir úr starfi vetrarins sem gefa innsýn í þau margvíslegu viðfangsefni sem nemendur fást við.
Skýrslan er send skólaráði, stjórn foreldrafélagsins, skólanefnd Kópavogsbæjar, forstöðumanni fræðslusviðs og deildarstjóra grunnskóladeildar, auk þess er hún aðgengileg á heimsíðu skólans og liggur frammi á skrifstofu hans.
Frekari upplýsingar um daglegt skólastarf í Álfhólsskóla er að finna á vefsíðu skólans: http://www.alfholsskoli.is

Álfhólsskóla haustið 2013
Sigrún Bjarnadóttir skólastjóri

Annáll

Haust 2012

Álfhólsskóli var settur 24. ágúst. Við upphaf skólaársins voru nemendur um 690 og kennarar og starfsfólk rúmlega 130. Í skólahandbók skólans, á heimasíðunni, er að finna fjölmargar upplýsingar um daglegt starf skólans, um skipulag skóladagsins hjá nemendum og helstu viðburði skólaársins. Á árinu var tekin upp sú nýbreytni að stofnað var til nýs námsvers, sem síðar hefur fengið nafnið Atferlisver, en það er fyrir nemendur sem hentar illa að vera í stórum bekkjardeildum. Innleiðing nýrrar námskrár var þó megin nýbreytni- og endurmenntunarverkefni kennara og annars starfsfólks. Ný grunnskólalög kalla á þessa innleiðingu og unnið var að því að skerpa skólastefnu skólans í samræmi við ný lög og nýja námskrá. Í því ferli var mikil áhersla lögð á innra mat skólans en jafnframt lá fyrir að skólinn yrði tekinn út á vegum Menntamálaráðuneytisins í ytra mati. Þetta var því mikið matsár.

Námsefniskynningar

Á haustdögum voru haldnar námsefniskynningar í öllum árgöngum. Kynningarnar voru almennt haldnar strax að morgni til að mæta kröfum foreldra. Mæting foreldra var þó mjög misjöfn en að jafnaði er besta mætingin meðal foreldra yngri nemenda og þeirra sem eru að ljúka grunnskólagöngu. Í eldri bekkjunum sáu nemendur oftast um að kynna námsefnið fyrir foreldrum sínum en meðal yngri nemenda voru það kennarar sem kynntu námsefnið og starf vetrarins. Á þessum kynningarfundum eru einnig kosnir bekkjarfulltrúar fyrir foreldrastarfið og foreldraröltið kynnt.

Saman í sátt - vinabekkjardagar

Í skólanum er verkefni sem nefnt er Saman í sátt. Helsta viðfangsefnið er að vinna markvisst gegn einelti og að bættri líðan nemenda, m.a. með sameiginlegum skólareglum allra nemenda skólans, könnunum og annarri fyrirbyggjandi vinnu. Sérstakt vinnuteymi heldur utan um verkefnið og sér það m.a. um að gefa út pésa með hugmyndafræðinni á bak við verkefnið, skólareglunum og ýmsu öðru. Er honum dreift að hausti á heimili allra

nemenda skólans. Auk þess er sérstakt árshjól verkefnisins sem gerir ráð fyrir vinabekkjum og vinabekkjardögum, sem eru fastir liðir í starfi skólans.

Bóndi í heimsókn

Undanfarin ár hefur bóndi komið í heimsókn á haustönn til nemenda í 7. bekk og glatt þá með kynningu á starfi bóndans. Mælast þessar heimsóknir vel fyrir.

Náttúruskóli í Vatnsmýrinni

Á haustdögum fóru nemendur 7. bekkja skólans í Vatnsmýrina til að læra um vistfræði mýrarinnar. Verkefnið var á vegum Norræna hússins og Háskóla Íslands. Voru nemendur mjög áhugasamir enda var viðfangsefnið afar ólíkt hinu hefðbundna skólastarfi og kærkomið uppábrot í náminu.

Þemadagar

Þemadagar voru haldnir dagana 15. – 17. október. Yfirheiti þemans var *Kópavogur – heimabærinn okkar*. Unnið var að ýmiss konar verkefnum sem tengdust bænum og okkar nánasta umhverfi. Aðfanga var leitað víða og voru m.a. söfn og stofnanir sótt heim. Nemendur og kennarar komust að því að Kópavogur býr að mörgum og margvíslegum söfnum meðal annars Bókasafni, Hljóðbókasafni, Tónlistarsafni, Náttúrugripasafni og Héraðsskjalasafni svo eitthvað sé nefnt. Nemendur unnu í hópum og var vinna nemenda fjölbreytt. Margir unnu veggspjöld um hina ýmsu listamenn bæjarins, aðrir gerðu ljóð um Kópavog og tóku saman upplýsingar um tónskáld og tónlistarmenn Kópavogs. Meðal annars voru gerðir skúlptúrar af Finnboga Rúti Valdimarssyni og konu hans Huldu Dóru Jakobsdóttur en þau voru fyrstu bæjarstjórar Kópavogs. Þessir skúlptúrar eru nú varðveittir í Þekkingarsmiðju Álfhólsskóla.
Fimmtudaginn 18. október var svo opið hús í báðum byggingum skólans frá kl. 8:10 – 9:30 þar sem foreldrum gafst tækifæri á að skoða verkefni nemenda.

Læsi og lestrarhjólið

Í Álfhólsskóla er mikil áhersla lögð á lestur og lesskilning hjá nemendum. Lestrarhjólið er eitt af því sem hjálpar til að vinna með lestur og lesskilning. Lestrarhjólið á að auka skilning kennara, nemenda og foreldra á því hvernig hægt er að ná góðum árangri í lesskilningi. Læsisverkefnið í Álfhólsskóla hófst síðasta haust og er á öðru ári. Við erum farin að sjá árangur af því starfi en þegar hefur mörgum farið fram í lestri og lesskilningi.

Spurningakeppnin „Lesum meira“

Keppnin er fyrir nemendur miðstigs og er liður í að auka yndislestur og bæta læsi allra nemenda skólans. Nemendur miðstigs fengu með sér skrá síðasta vor yfir þær bækur sem lesa átti og spurt yrði sérstaklega úr. Í skránni var listi yfir nokkra af okkar vinsælustu barnabókahöfundum og þeirra þekktustu verk. Einnig bækur sem kynna nemendum Íslendingasögurnar sem og nokkrar valdar þjóðsögur. Að hausti eru síðan skipuð lið í hverjum bekk og komast þá oft færri að en vilja. Keppnisliðin eru dregin saman af handahófi og keppt þangað til aðeins eitt lið stendur eftir sem

sigurvegari. Keppnin í ár var unnin í samvinnu við fimm aðra skóla og einnig í góðri samvinnu við Bókasafn Kópavogs sem býður upp á sumarlestur sem og Hljóðbókasafn sem býður upp á bækurnar á formi hljóðbóka til að auðvelda nemendum aðgengi að viðeigandi lestrarefni. Þetta árið var það 5. SEÓ sem stóð uppi sem sigurvegari og óskar skólinn þeim til hamingju með sigurinn.

Skólabúðir

Að venju fóru nemendur 7. bekkjar að Reykjum í Hrútafirði. Í svona ferðum kynnast nemendur vel innan árgangsins og oft lenda einhverjir í ævintýrum. Það var þó einkum veðrið sem var nemendum erfitt þetta árið en senda þurfti nemendur heim degi fyrr en áætlað var vegna veðurs og snjóa.

Nemendur 9. bekkjar fóru að Laugum í Sælingsdal þar sem þeir voru í góðu yfirlæti. Námsferðir sem standa í nokkra daga eru mikilvægar til að þjappa nemendum saman og gefa þeim tækifæri til að á kynnast betur á öðrum vettvangi en bara innan skólans.

Norrænu barnabókaverðlaunin 2013

Félag fagfólks á skólasöfnum tilnefndi íslenska barna- og unglingabók til Norrænu barnabókaverðlaunanna 2013 í sal Álfhólsskóla. Þessi verðlaun eru afhent annað hvert ár og hafa margir íslenskir rithöfundar unnið til þeirra. Var bókin „Játningar mjólkurfernuskálds“ eftir Arndísi Þórarinsdóttur valin að þessu sinni. Nemendur 5. bekkjar, undir stjórn Guðrúnar Magnúsdóttur tónmenntakenna, sungu fyrir gestina og gerðu þeir stormandi lukku. Álfhólsskóli hefur áður hýst tilnefningu til Norrænu barnabókaverðlaunanna en Félag fagfólks skólasafna á aðsetur í Álfhólsskóla.

Aðventa

Eins og áður áttu nemendur Álfhólsskóla notalega aðventu. Boðið var upp á notalegar samverustundir , kakó og piparkökur sem nemendur bökuðu sjálfir og einnig skemmtu kórarnir nemendum. Hlaðborð með fjölbreyttum jólamat er einnig fastur liður á aðventunni. Flestir fara í kirkjuferð og allir eiga notaleg litlu jól áður en haldið er í jólafrí.

List- og verkgreinar Álfhólsskóla

Þann 17. febrúar stóðu list- og verkgreinahóparnir í 5. bekk fyrir leiksýningunni Ísland – Vínland. Að þessu sinni var viðfangsefnið för Íslendinga frá Grænlandi árið 1000 til að reyna að nema land í Ameríku sem þeir kölluðu Vínland. Sýningin var falleg og vel unnin saga um vináttu og fordóma gagnvart því ókunna. Á sviðinu mátti sjá víkinga, vitlausa karla, ambátt, þræl, indíána, veiðimenn, stríðsmenn, völvu og vitra spákonu. Flutt var framandi tónlist í bland við íslensk þjóðlög, dansaður vikivaki og gleðidans að hætti indíána. Leikmyndin var unnin af hópum í smíði og myndmennt en á sviðinu var meðal annars, skógur, indíánatjald og varðeldur. Allir skemmtu sér hið besta, foreldrar, starfsfólk og aðrir nemendur.

Öskudagur í Álfhólsskóla

Öskudagsgleði í Álfhólsskóla var haldin hátíðleg 22. febrúar 2012. Mjög öflug dagskrá var skipulögð á öllum stigum skólans. Fáránleikar fóru fram á unglingastigi þar sem nemendur öttu kappi í limbó, bimbó, teygjubyssuskotfimi svo eitthvað sé nefnt. Á miðstiginu bar hæst leikurinn "raðaðu kennaranum saman" en það var keppni milli bekkja. Var sá leikur mjög skemmtilegur. Á yngsta stiginu var áherslan lögð á dans og leiki ásamt því sem kötturinn var sleginn úr tunnunni. Nemendur og starfsfólk mættu að sjálfsögðu í öskudags-búningum í skólann. Foreldrafélagið gaf síðan öllum glaðning eftir daginn.

Leikskólaheimsókn í Álfhólsskóla

Fyrsti bekkur Álfhólsskóla bauð leikskólunum í nágrenninu í samsöng föstudagsmorguninn 17. febrúar. Þar var sungið, dansað og leikið af list og haft gaman saman. Margir hittu vini sína og fyrrum félaga og kennara úr leikskólunum og alltaf jafn gleðilegt að hittast á ný. Þessi skemmtilegi viðburður er orðinn fastur liður á hverri önn og hefur reynst mjög skemmtilegur.

Álfhólsskóli Íslandsmeistarar barnaskóladeilda í skák 2012

Skáksveit Álfhólsskóla vann glæsilegan sigur á Íslandsmeistaramóti barnaskóladeilda á vordögum 2012. Þennan sigur endurtók sveitin síðan vorið 2013. Í millitíðinni, um haustið 2012, héldu skák-kappar skólans til Svíþjóðar og kepptu þar um Norðurlandatitil barnaskóladeilda og urðu í öðru sæti. Munaði hársbreidd að þeir hefðu sigur í mótinu. Í þessari fræknu skáksveit voru þeir Dawid Pawel Kolka, Róbert Leó Jónsson, Felix Steinþórsson, Oddur Þór Unnsteinsson og Guðmundur Agnar Bragason. Smári Rafn Teitsson var þjálfari liðsins. En hann hætti störfum á árinu og við tók Lenka Ptacníkova. Þetta er glæsilegur árangur og honum fylgir mikil gróska í skáklífi skólans.

Vinabekkjadagur í Álfhólsskóla

Vinabekkjadagurinn var haldinn 22. mars. Nemendur vinabekkjanna hittust og áttu saman ánægjulega stund. Tekið var í spil, föndur, ýmsir leikir og þrautir iðkaðar ásamt því að vera saman með vinum sínum. Allir með bros á vör og höfðu ánægju af. Vinabekkjadagar eru mikilvægir til að auka skilning á milli ólíkra aldursstiga og auka samheldni nemenda.

Dagur barnabókarinnar

Nemendur Álfhólsskóla nutu þess flestir 4. apríl eins og önnur börn á Íslandi að hlusta á söguna sem IBBY á Íslandi gefur öllum nemendum á grunnskólaaldri. Fæðingardagur H. C. Andersen, 2. apríl, er alþjóðlegur dagur sem er tileinkaður barnabókinni. Undanfarin þrjú ár hefur félagið, IBBY á Íslandi, gefið nemendum sögu á þessum degi. Þar sem dagurinn var fyrsti kennsludagur eftir páskafrí, að þessu sinni, og margir skólar með starfsdag var dagurinn haldinn hátíðlegur tveimur dögum síðar. Að þessu sinni var sagan *Stóri bróðir* eftir Friðrik Erlingsson lesin fyrir nemendur. Flestir kusu að fara þá leið að hlusta á upplestur á sögunni í Ríkisútvarpinu. Öllum kennurum var þó frjálst að lesa söguna upp sjálfir fyrir bekkinn eða nemendur sína. Hér er um einstakan viðburð að ræða en sennilega er þetta fjölmennasta sögustund sem nemendur á grunnskólaaldri fá, ekki bara á Íslandi, heldur þó víða væri leitað. Áætlað er að um 45.000 börn hlusti á sömu söguna á sama tíma.

Sveitaferð 1. bekkinga að Bjarteyjarsandi

Nemendur í 1. bekk fóru í sveitaferð að Bjarteyjarsandi í Hvalfirði. Veðrið lék við þau og allir skemmtu sér mjög vel. Það hefur verið árviss liður í starfi fyrsta bekkjar að fara í sveitarferð.

Reiðhjólahjálmar frá Kiwanisklúbbnum Eldey

Félagar úr Kiwanisklúbbnum Eldey í Kópavogi færðu öllum nemendum 1. bekkjar reiðhjólahjálma. Allir voru glaðir og spenntir og þakkar skólinn fyrir þessa góðu gjöf. Á myndinni sjást ánægðir krakkar með nýja hjálma í pökkum.

Stefnumótunardagur í Álfhólsskóla

Laugardaginn 4. maí var haldinn stefnumótunarfundur með þátttöku starfsfólks, nemenda og foreldra/forráðamanna barna í Álfhólsskóla. Verkefnið var að fjalla um og móta tillögur um samskipti heimilis og skóla. Fundurinn var haldinn í sal Hjalla. Starfsmenn, nemendur 6. – 10. bekkja og foreldrar/forráðamenn barna í Álfhólsskóla voru boðnir velkomnir á þennan stefnumótunarfund Álfhólsskóla.

Heilsudagar 23. og 24. apríl

Heilsudagar voru haldnir í Álfhólsskóla þriðjudaginn 23. og miðvikudaginn 24. apríl. Góð heilsa og regluleg hreyfing er ein grunn forsenda góð árangurs í námi og almennrar vellíðunnar. Þessa tvo daga var hefðbundin kennsla brotin upp og lögð sérstök áhersla á hreyfingu og heilsutengd verkefni. Hin heilsutengdu verkefni voru mörg og fjölbreytt, allt frá stöðvaíþróttum innanhúss, borðtennis- og skautaiðkun til fjallgöngu. Auk þess voru haldin erindi um heilsutengd atriði á eldra stigi.

Vorið

Á hverju vori lýkur svo skólanum með margvíslegum hátíðum og skemmtunum. Þar má nefna vorsýningu 4. bekkinga sem er þeirra lokasýning á yngsta stigi og Landnámshátíð 5. bekkinga en þessi hátíð hefur verið árviss og eins konar uppskera vinnu nemenda í list- og verkgreinum það árið. Skólastarfinu lýkur síðan á veglegri vorhátíð í samvinnu við foreldrafélagið. Allir nemendur, kennarar og foreldrar eru velkomnir á þessa hátíð.

Viðurkenning til Álfhólsskóla

Skólanefnd Kópavogs veitir sérstaka viðurkenningu, Kópinn, fyrir framúrskarandi skólastarf í grunnskólum Kópavogs. Viðurkenningin er veitt fyrir verkefni sem stuðla að nýbreytni og framþróun innan skólanna. Álfhólsskóli fékk 17. maí afhenta 2013 viðurkenninguna fyrir læsisverkefni skólans á yngsta- og miðstigi.

Vorferð 10. bekkjar og útskrift

10. bekkur fór í útkriftaferð á Snæfellsnes. Var sú ferð í alla staði vel heppnuð þó að veðurguðirnir væru ekki hliðhollir nemendum allan tímann. Það voru glaðir ánægðir unglingar sem komu heim úr þeirri ferð. Lokadag 10. bekkinga í skólanum var síðan útskrift og útskriftarveisla. Námsárangur nemenda var með ágætum og hlutu allmargir viðurkenningur fyrir góðan námsárangur.

Hagnýtar upplýsingar

Um Álfhólsskóla

Álfhólsskóli er heildstæður grunnskóli staðsettur í grónu hverfi í austurbæ Kópavogs og í göngufæri við Kópavogs- og Fossvogsdal. Skólinn starfar í tveimur húsum, í Digranesi (Álfhólsvegur 100) fyrir nemendur í 1. – 4. bekk og í Hjalla (Álfhólsvegur 120) fyrir nemendur í 5. – 10. bekk. Skólinn hefur auk þess afnot af íþróttahúsi HK og þar hefur Dægradvöl skólans, fyrir nemendur frá 1. – 4. bekk, einnig haft sína aðstöðu að hluta. Skólinn byggir á langri hefð fyrir framsæknu og árangursríku skólastarfi þar sem áhersla hefur verið lögð á þátttöku í margs konar þróunarverkefnum. Í skólanum eru öflug sérkennsluver, námsver fyrir einhverfa nemendur og móttökudeild fyrir nýbúa.
Í Álfhólsskóla er skapandi starf með fjölbreyttum kennsluháttum og nám við hæfi hvers og eins óháð menningarlegum bakgrunni.

Hlutverk, gildi og framtíðarsýn

Hlutverk

Hlutverk Álfhólsskóla er að búa nemendur undir þátttöku í lýðræðissamfélagi í námsumhverfi sem stuðlar að sjálfstæði og þroska einstaklingsins.

Gildi

Álfhólsskóli hefur þrjú megingildi að leiðarljósi:
Menntun – Sjálfstæði – Ánægja

Menntun

Í Álfhólsskóla er skapandi starf með fjölbreyttum kennsluháttum og nám við hæfi hvers og eins óháð menningarlegum bakgrunni.

Sjálfstæði

Í Álfhólsskóla er lögð áhersla á að nemendur séu sjálfstæðir, sýni frumkvæði, ábyrgð og setji sér raunhæf markmið.

Ánægja

Í Álfhólsskóla er skólabragur sem einkennist af ánægju, leik og vellíðan.

Framtíðarsýn

Álfhólsskóli verður meðal fremstu grunnskóla landsins.
Álfhólsskóli tekur vel á móti öllum nemendum og einsetur sér að útskrifa fróðleiksfúsa, virka og ánægða þjóðfélagsþegna með trú á eigin hæfileika og getu.
Samskipti heimila og skóla eru góð og einkennast af gagnkvæmri virðingu.

Í Álfhólsskóla starfar samhentur hópur áhugasamra og hæfileikaríkra starfsmanna með fjölbreytta og faglega þekkingu.

- Álfhólsskóli tryggir að öllum nemendum líði vel jafnt í leik og starfi. Þeir fái kennslu við hæfi hvers og eins og nái hámarksárangri miðað við færni og getu. Nemendur verði ábyrgir, sjálfstæðir í vinnubrögðum og öðlist jákvæða sjálfsmynd.
- Álfhólsskóli leggur áherslu á gott samstarf foreldra, nemenda og starfsfólks. Skólinn veitir faglega þjónustu og er með virkt og vel skipulagt stoðkerfi. Foreldrar eru ávallt velkomnir í Álfhólsskóla til að kynna sér innra starf hans. Skólinn veitir góðar upplýsingar um starfið.
- Álfhólsskóli veitir starfsmönnum sínum góða starfsaðstöðu, gott vinnuumhverfi og hvatningu í starfi. Skólinn tryggir starfsmönnum sínum tækifæri til starfsþróunar og endurmenntunar. Álfhólsskóli er vinnustaður þar sem ríkir góður starfsandi, byggður á mikilli samvinnu og upplýsingamiðlun starfsfólks.
- Álfhólsskóli leggur áherslu á gott samstarf við skóla, félög og stofnanir. Skólinn er umhverfisvænn skóli sem starfar í anda Grænfánans og sjálfbærrar þróunar. Álfhólsskóli er fyrirmynd annarra skóla í Kópavogi varðandi vistvæna starfshætti og umhverfisvernd.

Skipurit Álfhólsskóla



Stjórnendur

Skólastjóri: Sigrún Bjarnadóttir
Staðgengill skólastjóra og deildarstjóri sérúrræða: Guðlaug Snorradóttir
Deildarstjóri yngra stigs: Ingibjörg Jóhannesdóttir
Deildarstjórar eldra stigs: Hekla Hannibalsdóttir og Skafti Þ. Halldórsson
Forstöðumaður Dægradvalar: Ingibjörg Elín Ingimundardóttir
Forstöðumaður Pegasus: Margrét Ægisdóttir
Húsvörður Digranes: Jón Karl Kristjánsson
Húsvörður Hjalli: Anna Guðný Björnsdóttir
Netfang skólans: sigrunb@kopavogur.is

Heimasíða Álfhólsskóla hefur vefslóðina www.alfholsskoli.is. Þar má finna ýmsar upplýsingar um skólastarfið, tilkynningar frá skólanum, skóladagatal, fréttir, ýmsar áætlanir, eyðublöð, myndir úr skólalífinu o.fl.

Skrifstofuþjónusta

Skrifstofa skólans er opin frá klukkan 7:45 – 15:30 alla virka daga. Skólaritarar eru Brynhildur Agnarsdóttir í Hjalla og Ágústa M. Jónsdóttir í Digranesi.
Öll eyðublöð skólans má nálgast hjá riturum og almenn eyðublöð má einnig nálgast á heimasíðu skólans, s.s. mataráskrift, nýskráning nemenda, umsókn í Dægradvöl og umsókn foreldra um leyfi fyrir barn sitt.

Mötuneyti

Hafragrautur er í boði skólans á hverjum morgni frá klukkan 7:45 – 8:10 og svo í frímínútum klukkan 9:30 – 9:50 fyrir nemendur í 8. – 10. bekk.

Nemendum býðst að vera í mataráskrift í skólanum. Maturinn sem boðið er upp á er ýmist eldaður á staðnum eða aðkeyptur og hitaður. Grænmeti og ávextir eru í boði alla daga. Nemendur í 8. – 10. bekk geta keypt hressingu í morgunfrímínútum.

Nemendur sem koma með nesti að heiman geta nýtt sér örbylgjuofna og samlokugrill í matsal.

Starfsmenn

Við skólann störfuðu 136 starfsmenn, 75 kennarar, 5 stjórnendur og forstöðumaður dægradvalar. Tveir sálfræðingar eru í hlutastarfi. Tveir hjúkrunarfræðingar í 80% og 50% starfshlutfalli. Námsráðgjafar eru þrír, tveir í 100% starfshlutfalli og einn 50%. Þroskaþjálfi er starfandi í 100% starfshlutfalli. Aðrir starfsmenn eru 44, nokkrir í hlutastarfi. Meirihluti starfsmanna eru konur en karlar eru 23 eða um 20%. Nánari upplýsingar um starfsmenn er að finna á heimsíðu skólans http://www.alfholsskóli.is

Rekstur

Rekstur Álfhólsskóla hefur verið jákvæður og innan fjárheimilda. Rekstraafgangur hefur verið um 2% á ári og hefur inneign skólans hækkað lítilega á hverju ári. Það er mjög mikilvægt að halda jafnvægi í rekstri skólans, það skapar öryggi fyrir nemendur og starfsfólk. Við höfum í samráði við bæjaryfirvöld notað þá fjármuni sem hafa verið afgangs til þess að bæta aðbúnað og aðstöðu nemenda.

Húsnæði

Álfhólsskóli er heildstæður grunnskóli sem starfar í tveimur húsum í austurbæ Kópavogs, Digranesi og Hjalla. Skólinn er í göngufæri við Kópavogs- og Fossvogsdal. Skólinn hefur auk þess afnot af íþróttahúsinu Digranesi.
Símanúmer skólans: 570 4150

Digranes

Í Digranesi eru almennar kennslustofur 12, verkgreinastofur eru sex og sérdeild fyrir einhverfa nýtir rými í endanum á einni álmunni. Nýbúadeild er í einni stofu og er með aðgang að litlu herbergi og sérkennslan er í þremur stofum. Upplýsingaver og tölvur eru í sér stofum.
Mikilvægt er að fara að endurnýja hluta af byggingunni og klára verkgreinaálmu skólans. Einnig þarf að fara í framkvæmdir til þess að koma dægradvölinni betur fyrir í skólanum sem og nýbúadeildinni. Í sumar voru lagfærð klósett á neðri hæðinni næst salnum. Einnig var löguð snjóbræðsla fyrir utan aðalinnganginn. Setja á upp þráðlaust net í upphafi næsta skólaárs.

Hjalli

Í Hjalla eru 18 almennar kennslustofur, verkgreinastofur eru sex, fjórar sérkennslustofur, einhverfudeild er með eitt stórt rými og eitt lítið herbergi, nýbúadeild er með tvær kennslustofur og eitt lítið herbergi. Upplýsingaver skólans er staðsett í miðju hans í mjög góðu rými. Hjólagrindur við Hjalla eru ekki á góðum stað og þyrfti að færa þær. Klára þarf að mála að utan að hluta og setja upp þráðlaust net.

Nemendur

Á skólaárinu voru 687 nemendur í Álfhólsskóla. Nemendum hefur fækkað smám saman undan farin ár þar sem útskrifaðir hafa verið stórir árgangar og færri nemendur komið inn í 1. bekk.
Meðalstærð bekkja var u.þ.b. 23 nemendur. Nemendur af erlendum uppruna voru 141 eða rúmlega 20%. Nemendur sem fengu kennslu í íslensku sem öðru tungumáli voru 98. Nemendur sem fengu skilgreinda sérkennslu voru 43 og fjöldi í skilgreindum sérdeildum var 23.

Skipting nemenda í bekki

Skipting nemenda í bekki skólaárið 2012-2013 var þannig að það voru þrír bekki í hverjum árgangi. Fjöldi nemenda í bekk var frá 20 – 30. Fjölmennast var í einum 10. bekk eða 30 nemendur. Í töflu má sjá fjöld nemenda í árgöngum og kynjaskiptingu þeirra. Stúlkur eru örlítið fjölmennari en drengir.

1. bekkur 60 nemendur í þremur bekkjum
2. bekkur 65 nemendur í þremur bekkjum
3. bekkur 68 nemendur í þremur bekkjum
4. bekkur 62 nemendur í þremur bekkjum
5. bekkur 63 nemendur í þremur bekkjum
6. bekkur 69 nemendur í þremur bekkjum
7. bekkur 65 nemendur í þremur bekkjum
8. bekkur 82 nemendur í þremur bekkjum
9. bekkur 71 nemendur í þremur bekkjum
10. bekkur 82 nemendur í þremur bekkjum

Bekkjardeild	Fjöldi drengja	Fjöldi stúlkna	Samtals
1. DSÞ	11	9	20
1. IÓ	10	10	20
1. SGG	10	10	20
2. IE	10	12	22
2. SG	9	14	23
2. ÞA	9	11	20
3. EGS	11	11	22
3. GT	8	14	22
3. SA	13	11	24
4. HHR	11	10	21
4. JÞS	6	14	20
4. KP	7	14	21
5. EJ	10	10	20
5. SEÓ	10	11	21
5. SS	14	8	22
6. BH	9	12	21
6. EÓÓ	11	13	24
6. GK	13	11	24
7. EÓ	10	12	22
7. RH	11	11	22
7. SÓ	12	9	21
8. HP	16	10	26
8. SB	11	16	27
8. SP	11	17	28
9. HGG	14	10	24
9. KG	12	11	23
9. RBÞ	10	14	24
10. DÁ	13	13	26
10. SHK	13	13	26
10. SÞÞ	15	15	30
Samtals	330	357	687

Fjöldi nemenda í Álfhólsskóla síðustu þrjú ár

	2010 - 2011	2011 - 2012	2012-2013
Fjöldi nemenda	735	716	687

Skipting námsgreina

Námsgrein	1. b	2. b	3. b	4. b	5. b	6. b	7. b	8. b	9. b	10. b
Íslenska	7	7	6	6	6	6	6	6	6	6
Stærðfræði	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6
Samfélagsfræði/kristinfræði	2	2	3	3	4	4	3	3	2	2
Náttúrufræði	2	2	2	2	3	3	3	3	3	3
Enska	0,5	0,5	1	1	3	3	3	4	4	4
Danska							3	4	4	4
Lífsleikni	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Upplýsinga og tæknimennt	1	1	1	1	1	1	1	2		
List- og verkgreinar	6	6	6	6	6	6	6	4		
Heimilisfræði	*	*	*	*	*	*	*	**		
Smíði	*	*	*	*	*	*	*	**		
Myndmennt	*	*	*	*	*	*	*	**		
Textílmennt	*	*	*	*	*	*	*	**		
Leiklist			*		*	*	*	**		
Dans				*				**		
Tónmennt/samsöngur	*	*	*	*	*	*	*	**		
Íþróttir	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2
Sund	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Val/umsjón	1,5	1,5	1	1	2	2		1	8	8
Samtals:	30	30	30	30	35	35	35	37	37	37

*List- og verkgreinar í viðkomandi árgangi skiptast þannig að nemendahópnum er skipt upp í sex hópa. Skólaárinu er síðan skipt upp í sex tímabil.
**List- og verkgreinar í 8. bekk skiptast þannig að nemendahópnum er skipt upp í sjö hópa. Skólaárinu er síðan skipt upp í sjö tímabil.

Vettvangsferðir

Á hverju skólaári fara nemendur skólans í fjölmargar vettvangsferðir og heimsóknir. Hér á eftir fylgir yfirlit sem sýnir þessar ferðir nemenda.

Yngsta stig

Mánuður	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur
Ágúst				
September				
Október			Heims. Gámastöð	
Nóvember				
Desember	Kirkjuferð	Kirkjuferð	Kirkjuferð	Kirkjuferð
Janúar				
Febrúar				
Mars	Sund,Gerplu og TBR á Heilsudögum	Sund,Gerplu og TBR á Heilsudögum	Sund,Gerplu og TBR á Heilsudögum	Sund,Gerplu og TBR á Heilsudögum
Apríl				
Maí	Sveitaferð			
Júní	Vettvangsferðir	Ferð í Sorpu	Hjólaferð,strætó og ferð í ísbúð	Vettvangsferðir

Miðstig

Mánuður	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur
Ágúst			
September			
Október		Náttúruskóli Vatnsmýrar	Náttúruskóli Vatnsmýrar Reykir í Hrútafirði
Nóvember			Heimsókn í 365 miðla
Desember	Kirkjuferð	Kirkjuferð	Kirkjuferð
Janúar			
Febrúar			
Mars	Farið í skautaferð og TBR á Heilsudögum	Farið í skautaferð og TBR á Heilsudögum	Farið í skautaferð og TBR á Heilsudögum
Apríl			
Maí			
Júní	Gróðursetningarferð	Vettvangsferðir	Vettvangsferðir

Unglingastig

Mánuður	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Ágúst			
September			
Október	Þjóðmenningarhúsið		
Nóvember		Laugar í Sælingsdal	
Desember	Kirkjuferð	Kirkjuferð	Kirkjuferð
Janúar			
Febrúar			
Mars			Alþingishúsið
Apríl			
Maí			
Júní	Ferð á Reykjanes	Vettvangsferðir	Útskriftarferð

Hringekja

Hringekja er skipulögð í list- og verkgreinum í 1. - 8. bekk. Þá er bekkjunum skipt upp í hópa. Yfirlit yfir tímafjölda og greinar sem kenndar eru í hringekju fylgir hér á eftir:

1. bekkur

Tímafjöldi á viku	Skipulag	Kennarar
3 x 80 mín 5 hópar	Heimilisfræði í heimilisfræðistofu Myndmennt í myndmenntarstofu Tónmennt í tónmenntarstofu Smíði í smíðastofu Textílmennt í textílmenntstofu	Hafdís Erla Baldvínsdóttir og Kristín Ármannsdóttir Svanfríður Sigurþórsdóttir Þórdís Sævarsdóttir Hreiðar Oddsson Þórunn Eiríksdóttir

2. bekkur

Tímafjöldi á viku	Skipulag	Kennarar
3 x 80 mín 5 hópar	Heimilisfræði í heimilisfræðistofu Myndmennt í myndmenntarstofu Tónmennt í tónmenntarstofu Smíði í smíðastofu Textílmennt í textílmenntstofu	Hafdís Erla Baldvínsdóttir og Kristín Ármannsdóttir Svanfríður Sigurþórsdóttir Þórdís Sævarsdóttir Hreiðar Oddsson Þórunn Eiríksdóttir

3. bekkur

Tímafjöldi á viku	Skipulag	Kennarar
3 x 80 mín 5 hópar	Heimilisfræði í heimilisfræðistofu Myndmennt í myndmenntarstofu Tónmennt í tónmenntarstofu Smíði í smíðastofu Textílmennt í textílmenntstofu	Hafdís Erla Baldvínsdóttir og Kristín Ármannsdóttir Svanfríður Sigurþórsdóttir Þórdís Sævarsdóttir Hreiðar Oddsson Þórunn Eiríksdóttir

4. bekkur

Tímafjöldi á viku	Skipulag	Kennarar
3 x 80 mín 5 hópar	Heimilisfræði í heimilisfræðistofu Myndmennt í myndmenntarstofu Tónmennt í tónmenntarstofu Smíði í smíðastofu Textílmennt í textílmenntstofu	Hafdís Erla Baldvínsdóttir og Kristín Ármannsdóttir Svanfríður Sigurþórsdóttir Þórdís Sævarsdóttir Hreiðar Oddsson Þórunn Eiríksdóttir

5. bekkur

Tímafjöldi á viku	Skipulag	Kennarar
3 x 80 mín 6 hópar	Heimilisfræði í heimilisfræðistofu Myndmennt í myndmenntarstofu Tónmennt í tónmenntarstofu Smíði í smíðastofu Textílmennt í textílmenntstofu Leiklist í leiklistarstofu	Aldís Guðmundsdóttir Ingibjörg Ólafía Ólafsdóttir Guðrún Magnúsdóttir Árni Jónsson Ólafía Þóra Óskarsdóttir Hrund Ólafsdóttir

6. bekkur

Tímafjöldi á viku	Skipulag	Kennarar
3 x 80 mín 6 hópar	Heimilisfræði í heimilisfræðistofu Myndmennt í myndmenntarstofu Tónmennt í tónmenntarstofu Smíði í smíðastofu Textílmennt í textílmenntstofu Leiklist í leiklistarstofu	Aldís Guðmundsdóttir Ingibjörg Ólafía Ólafsdóttir Guðrún Magnúsdóttir Árni Jónsson Ólafía Þóra Óskarsdóttir Hrund Ólafsdóttir

7. bekkur

Tímafjöldi á viku	Skipulag	Kennarar
3 x 80 mín 6 hópar	Heimilisfræði í heimilisfræðistofu Myndmennt í myndmenntarstofu Tónmennt í tónmenntarstofu Smíði í smíðastofu Textílmennt í textílmenntstofu Leiklist í leiklistarstofu	Aldís Guðmundsdóttir Ingibjörg Ólafía Ólafsdóttir Guðrún Magnúsdóttir Árni Jónsson Sigríður Ólafsdóttir Hrund Ólafsdóttir

8. bekkur

Tímafjöldi á viku	Skipulag	Kennarar
3 x 80 mín 7 hópar	Heimilisfræði í heimilisfræðistofu Myndmennt í myndmenntarstofu Tónmennt í tónmenntarstofu Smíði í smíðastofu Textílmennt í textílmenntstofu Leiklist í leiklistarstofu *Dans/Hópefli	Aldís Guðmundsdóttir Ingibjörg Ólafía Ólafsdóttir Guðrún Magnúsdóttir Árni Jónsson Ólafía Þóra Óskarsdóttir Hrund Ólafsdóttir Sigrún Erla Ólafsd./Katrín Þorgrímsd.

* Dans var kenndur 1 x í viku og blanda af hópefli og námstækni á móti 1 x í viku

Skóladagatal

Samkvæmt skóladagatali, sem finna má á heimasíðu skólans, eru skóladagar nemenda 180. Kennsludagar nemenda í 1. – 7. bekk eru 174 og því sex skertir dagar. Kennsludagar nemenda í 8. – 10. bekk eru 170 og skertir dagar því alls tíu.
Skertir dagar eru þegar nemendur mæta aðeins hluta úr degi. Þeir dagar eru prófadagar, skólaboðunardagur, tveir foreldraviðtalsdagar og dagur vegna jólaskemmtunar en þá koma nemendur aðeins á jólaskemmtun og fara heim að henni lokinni. Öskudagur telst einnig til skerts dags því þá fara nemendur heim um hádegisbil og svo skólaslitadagur þar sem nemendur mæta til að taka við vitnisburði.
Kennsla féll niður í jólaleyfi nemenda sem var frá 21. desember til og með 2. janúar. Vetrarleyfi var 22. - 23. október og 22. - 25. febrúar. Páskaleyfi var 25. mars til og með 1. apríl. Einnig féll kennsla niður fimm daga á skólatíma nemenda vegna skipulagsdaga kennara, þ.e. 28. september, 19. nóvember, 24. janúar, 13. mars og 17. maí.

Dægradvöl

Dægradvöl er opin nemendum Álfhólsskóla frá kl. 13:10 -17:15 alla daga sem starfsemi er í skólanum og eru starfsdagar kennara þar meðtaldir. Sími Dægradvalar yngri (1. bekkur) er 570-4160/863-6819 og sími hjá Dægradvöl eldri (2. – 4. bekkur) er 554-0293, en einnig er hægt að ná sambandi við Dægradvöl í gegnum skiptiborð skólans.

Dagskrá Dægravalar er að mestu frjáls innan ákveðins ramma. Spil, föndur og hlutverkaleikir eru vinsæl auk inni- og útileikja. Umræður af siðferðilegum toga er fastur liður í starfseminni. Öðru hverju er farið í vettvangsferðir.

Kaffitími er fyrir alla nemendur í Dægradvöl og er boðið upp á ávexti og brauð sem smurt er í skólanum. Fyrir þetta er greitt samkvæmt gjaldskrá skólans.

Markmið

Markmið Dægradvalar er að bjóða nemendum upp á athvarf þar sem þeir geta dvalið utan skólatíma meðan foreldrar eru í vinnu. Lögð er áhersla á siðferðilegt og félagslegt uppeldi nemenda. Einnig er lögð áhersla á að Dægradvöl sé nemendum fastur punktur í tilverunni, annað heimili, þar sem gott er að koma og dvelja við skapandi störf og leiki.

Skólaárið 2012 – 2013 voru að jafnaði tæplega 140 nemendur úr 1. – 4. bekk í Dægradvöl, flestir komu úr 1. og 2. bekk.

Viðburðardagatal skólaárið 2012 - 2013

Mán	Dagsetning	Verkefni	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní
Ágúst	15.-21.	Skipulagsdagar	X										
	22.	Skólaboðunardagur	X										
	23.	Kennsla hefst	X										
September	4.	Námsefniskynning f. 1. og 10. b.		X									
	5.	Námsefniskynning f. 2. og 9. b.		X									
	6.	Námsefniskynning f. 3. og 8. b.		X									
	7.	Námsefniskynning f. 4. og 7. b.		X									
	7.	Dagur læsis (lau.8.)		X									
	10.	Námsefniskynning f. 5. bekk		X									
	11.	Námsefniskynning f. 6. bekk		X									
	17.-19.	Samræmd próf í 10. bekk		X									
	20.-21	Samræmd próf í 4.-7. bekk		X									
	28.	Sameiginlegur skipulagsdagur		X									
Október	3.	Vinabekkjadagur			X								
	16.-17.	Þemadagar			X								
	22.-23.	Vetrarfrí			X								
	24.	Foreldraviðtöl			X								
	26.	Bangsadagur (lau.27.)			X								
	29. -2.nóv	Reykir - 7. bekkur			X								
Nóvember	12.-16.	Laugar - 9. bekkur				X							
	16.	Dagur íslenskrar tungu				X							
	16.	Stóra upplestrarkeppnin hefst				X							
	19.	Skipulagsdagur				X							
	24.	Laufabrauðsgerð for.félagsins				X							
Desember	3.	Saman í sátt dagurinn					X						
	6.-11.	Kirkjuferðir/samverustund					X						
	10.-13.	Kakó og piparkökur - Vinabekkir					X						
	14.	Jólamatur					X						
	19.	Jólaskemmtun 8. - 10. b.					X						
	20.	Jólask. og litlu jól 1.-7. b.					X						
	20.	Litlu jól í stofu hjá 8. - 10. b.					X						

Mán	Dagsetning	Verkefni	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní
Janúar	14.-23.	Námsmatsdagar 1.-10.bekkur						X					
	24.	Skipulagsdagur						X					
	25.	Bóndadagur						X					
	28.	Hundrað daga hátíð í 1. bekk						X					
Febrúar	1.	Dagur stærðfræðinnar							X				
	5.	Foreldraviðtöl							X				
	6.	Dagur leikskólans							X				
	11.	Bolludagur							X				
	12.	Sprengidagur							X				
	13.	Öskudagur (Skóli til 11:10)							X				
	22.-25	Vetrarleyfi							X				
Mars	13.	Skipulagsdagur								X			
	16.	Páskabingó Foreldrafélagsins								X			
	20.	Vinabekkjadagur								X			
Apríl	19.	Árshátíð unglingastigs									X		
	22.	Árshátíð miðstigs									X		
	23.-24.	Heilsudagar									X		
Maí	Lau. 4.	Stefnumótun með foreldrum										X	
	17.	Skipulagsdagur										X	
	15.-31.	Námsmatsdagar 1.-10. bekkur										X	
	27.-30.	Prófdagar 8.-10.bekkur										X	
Júní	3.-6.	Vordagar											X
	4.	Vorsýning 4. bekkjar											X
	6.	Skólaslit 10. bekkjar, kvöld											X
	7.	Skólaslit 1. - 9. bekkjar											X
	10.-12.	Skipulagsdagar											X

Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda í 1. – 7. bekk

7:30	Skólinn opnaður
7:45	Matsalur opnar – hafragrautur í boði skólans
8:00	Bekkjarstofur opnaðar
8:10	Kennsla hefst hjá öllum nemendum
9:20 eða 9:50	Morgunhressing (fer eftir því hvort nemendur eru í list- og verkgreinum eða íþróttum/sundi í fyrstu tveimur kennslustundunum.
9:30 – 9:50	Frímínútur/útivist
9:50 – 11:10	Kennsla
11:10 – 11:50	Matur og frímínútur/útivist hjá nemendum í 1. – 4. bekk
11:10 – 11:40	Matur og frímínútur/útivist hjá nemendum í 5. – 7. bekk
11:50 – 13:10	Kennsla – skóla lýkur hjá nemendum í 1. – 4. bekk – opnað er í Dægradvöl skólans.
13:00 – 13:15	Frímínútur/útivist hjá nemendum í 5. – 7. bekk
13:15 – 13:55	Kennsla – skóla lýkur hjá nemendum í 5. – 7. bekk
17:15	Dægradvöl skólans lokað

Skóladagur nemenda í 8. – 10. bekk

7:30	Skólinn opnaður
7:45	Matsalur opnar – hafragrautur í boði skólans
8:10	Kennsla hefst hjá öllum nemendum
9:30 – 9:50	Frímínútur – nesti
9:50 – 11:10	Kennsla
11:10 – 11:20	Frímínútur
11:20 – 12:00	Kennsla
12:00 – 12:30	Frímínútur – matur
12:30 – 13:50	Kennsla
13:50 – 14:05	Frímínútur
14:05 – 15:25	Kennsla valgreina - skóla lýkur hjá nemendum 8. – 10. bekk – mismunandi eftir dögum og valgreinum nemenda hvenær kennslu lýkur, þó aldrei síðar en 15:25.

Nemendur í 1. – 7. bekk fá 10 mínútna nestistíma og 20 mínútna matartíma á dag. Í nestistímanum er létt hressing að heiman snædd í kennslustofum en í hádegishléi er borðað í matsal skólans. Nemendur í 1. – 4. bekk fara tvisvar á dag út í frímínútur, klukkan 9:30 – 9:50 og svo fyrir eða eftir hádegisverð í 20 mínútur á bilinu 11:10 – 11:50.

Nemendur í 5. – 7. bekk fara þrisvar á dag út í frímínútur, klukkan 9:30 – 9:50, eftir hádegisverð klukkan 11:30 – 11:40 og svo klukkan 13:00 – 13:15.

Ætlast er til að allir nemendur 1. - 7. bekkjar fari út í allar frímínútur. Undantekningar eru eftirfarandi:

- Nemandi hefur verið lasinn og foreldri óskar skriflega eftir leyfi til inniveru í frímínútum.
- Kennari hefur leyfi til að láta nemanda vera inni ef sérstakar ástæður krefjast, s.s. vegna skyndilegra veikinda eða slysa, áreitni eða verkefnaskyldu, en þá á ábyrgð kennara og í samvinnu við skólaliða.
- Mjög vont veður.

Nemendur í 8. – 10. bekk fara fjórum sinnum í frímínútur á dag, klukkan 9:30 – 9:50, 11:10 – 11:20, matarhlé er 12:00 – 12:30 og svo eru frímínútur frá klukkan 13:50 – 14:05. Nemendur í 8. – 10. bekk mega ráða hvort þeir fara út í frímínútum eða ekki.

Nemendur sækja íþróttakennslu í íþróttahúsinu í Digranesi. Allir nemendur skólans eru með tvo íþróttatíma á viku á stundaskrá. Sund er kennt einu sinni í viku í sundlaug Kópavogs og þangað fara allir nemendur með rútu.

Nemendafélag

Nemendafélag Álfhólsskóla var stofnað haustið 2010 þegar skólarnir sameinuðust.

Kosningarnar gengu vel og stóðu fulltrúarnir sig mjög vel. Haldnir voru sjö fundir á skólaárinu sem voru mjög góðir og margt gott rætt á þeim fundum. Huga þarf að því að færa fundargerðir nemendaráðs inn á heimsíðu skólans næsta vetur.

Eftirtaldir nemendur voru kjörnir í nemendaráð:

Bekkur	Fulltrúi
6. bekkur	Anika Védís Björnsdóttir
6. bekkur	Andrea þórey Sigurðardóttir
7. bekkur	Ásgerður Magnúsdóttir
7. bekkur	María Kristín Jóhannsdóttir
8. bekkur	Aron Freyr Ingimarsson
8. bekkur	Alexandra Rós Aldísardóttir
9. bekkur	Guðrún Embla Eiríksdóttir
9. bekkur	Stefán Jónsson
10. bekkur	Guðrún Kara Valgarðsdóttir
10. bekkur	Anna Björg Friðriksdóttir

Saman í sátt

Þegar litið er til starfs stýrihóps og starfsfólks Álfhólsskóla með „Saman í sátt“ verkefnið á liðnum vetri þá hafa fastir liðir í árshjóli verið að festa sig í sessi í skólasamfélaginu. Þeir voru sem hér segir:

Heimasíða skólans

Ný heimasíða hefur hlotið góðar undirtektir þar sem verkefnið „Saman í sátt“ var gert sýnilegar en áður var. Ferlar við vinnu eineltismála eru kynntir þar með sjónrænum hætti og flipi með orðinu **einelti** sett á áberandi stað á forsíðuna. Undir flipanum einelti eru eftirfarandi þættir:

- Skilgreiningar á einelti
- Tilkynningarblað vegna gruns um einelti
- Aðgerðir og ferlar vegna tilkynninga um grun um einelti

Vísbendingar til foreldra vegna gruns um einelti:

- Barnið mitt er hugsanlega lagt í einelti
- Barnið mitt er hugsanlega gerandi í eineltismáli
- Eineltisteymi Álfhólsskóla

Aðgerðaráætlunin „Saman í sátt“
Undir þessum flipa birtist aðgerðaráætlunin í heild sinni.

Samvinna heimila og skóla varðandi tilkynningar um einelti:
Reynt hefur verið að hvetja forráðamenn, starfsfólk og nemendur til að tilkynna grun um einelti þannig að ekki fari á milli mála þau mál sem berast skólanum varðandi einelti. Þannig er reynt að slá á óljósan orðróm sem stundum hefur komið upp um að töluvert sé um eineltismál sem ekki er unnið með í skólanum.

Vinabekkir
Vinabekkjafyrirkomulagið hefur treyst sig í sessi. Eftirfarandi bekkir voru vinabekkir á skólaárinu:

1.bekkur og 10. bekkur
2.bekkur og 6. bekkur
3.bekkur og 7. bekkur
4. bekkur og 8. bekkur
5. bekkur og 9. bekkur

Í október var haldinn vinabekkjadagur og í byrjun desember var haldinn sérstakur „Saman í sátt“ dagur. Stefnt er að því að halda þessa daga með svipuðu sniði næsta skóaár.

Bekkjarfundir
Stýrhópur “Saman í sátt” leggur mikla áherslu á að allir umsjónarkennarar haldi reglulega bekkjarfundi með nemendum sínum. Skólastjóri mælast til þess að umsjónarkennarar tilnefni ákveðinn tíma á stundarskrá þar sem þeir haldi bekkjarfundi. Á yngsta stiginu hafa umsjónarkennarar haldið þessa fundi í mörg ár með góðum árangri, en eftir því sem nemendur eldast virðist draga úr þessum mikilvægu fundum. Eftir að hafa skoðað áætlunina *Respekt* sem er þróunarverkefni eftir dr. Roland , Vaaland og Störkesen kemur fram að samkvæmt rannsóknum er talið að slíkir fundir séu undirstaða í því að móta jákvæðan bekkjar- og skólabrag. Á næsta skólaári munu námsráðgjafar aðstoða þá umsjónarkennara sem eftir því óska að undirbúa og stjórna bekkjarfundum. Námsráðgjafar hafa útbúið sértakt hefti með leiðbeiningum um bekkjarfundi sem ætti að nýtast umsjónarkennurum við þessa vinnu.

„Saman í sátt“ bekkjarfulltrúar

Í upphafi skólaárs tilnefndu umsjónarkennarar SÍS fulltrúa bekkjanna, en þeir eiga að mæta á fundum með kennarafulltrúum stýrihópsins. Miðað er við tvo fundi fyrir jól og tvo eftir jól. Markmiðið með fundunum er að gefa nemendum betra tækifæri til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Á þessum fundum á sérstaklega að hlusta á fulltrúa nemenda og þeir því beðnir um að koma með ábendingar til stjórnenda fundanna um bekkjarbrag og láta vita ef þeir hafa orðið varir við óæskilegt hegðunarmunstur, ljóta stríðni eða einelti. Bent hefur verið á að skipulag á þessum fundum þurfi að bæta og þörf sé á að kennarar sem stýra þessum fundum fái betra svigrúm til þessarar vinnu. Jafnframt þurfa umsjónarkennarar að ganga betur eftir því að nemendur geri grein fyrir umræðum á fundunum svo að umræðan skili sér inn á bekkjarfundi allra bekkja þannig að umsjónarkennarar geti haldið umræðunni áfram. Tilgangurinn með þessari vinnu er að hindra að óæskilegt hegðunarmunstur nái fótfestu í skólasamfélaginu.

Eftirtaldir nemendur voru tilnefndir af umsjónarkennurum sínum til að vera SÍS fulltrúar skólaárið 2012-2013
Fulltrúar nemenda í saman í sátt:

Bekkur	Aðalfulltrúi	Varafulltrúi
2. IE	Álfrún Lind Helgadóttir	Sveinn Nökkvi Guðlaugsson
2. SG	Daníel Sveinsson	Vigdís Lilja Kristjánsdóttir
2. ÞA	Máni Freyr Ólafsson	Esther Ósk Thorlacius Þorleifsd.
3. EGS	Karlotta Rut Káradóttir	Bjarki Snær Róbertsson
3. GT	Freyja Van de Putte	Oskar Einar Bukowski
3. SG	Elí Tómas Kurtsson	Oliver Funi Hreiðarsson
4. HE	Eyrún Didziokas	Konráð Elí Kjartansson
4. JS	Helga Hlíf Snorradóttir	Þuríður Ásta Guðmundsdóttir
4. KP	Helga Þorbjarnardóttir	Sigurður Helgi Heimisson
5. EJ	Birgitta Rún Skúladóttir	Matthías Jóhannesson
5. SS	Karen Ýr Sigurbjörnsdóttir	Sigurður Arnar Davíðsson
5. SEÓ	Hafdís Fía Rögnvaldsdóttir	Valgeir Valgeirsson
6. BH	Guðjón Valur Ólafsson	Inga Dís Ingþórsdóttir
6. GK	Árný Eik Dagsdóttir	Victoría Björnsdóttir
6. EÓÓ	Karen Björg Lindsay	Sigurrós Jóhannesdóttir
7. SÓ	Sólveig Rún Rúnarsdóttir	Sædís Ylfa Erlendsdóttir
7. EÓ	Oddur þór Unnsteinsson	Kristinn Þór Sigurðsson
7. RH	Ágústa Mikaelsdóttir	Hafþór Heiðar Birgirsson
8. HP	Eva Lind Gunnarsdóttir	Eyþór Helgason
8. SB	Birna Særós Sigurbergsdóttir	Hera María Jacobsen
8. SP	Eyrún Haddý Högnadóttir	Berglind Þorsteinsdóttir
9. HGG	Diellza Morina	Jakob Zarioh Baldvinsson
9. KG	Katrín Guðnadóttir	Jón Dagur Þorsteinsson
9. RBÞ	Kristján Ottó Hjálmsson	Lilja Björt Kristbergsdóttir
10. DÁ	Kara Sól Grytvik	Marína Herdís Jónsdóttir
10. SHK	Þórhildur Braga Þórðardóttir	Embla Rut Erlendsdóttir
10. SÞÞ	Eygló Lilja Haraldsdóttir	Guðrún Kara Valgarðsdóttir

Tengslakannanir
Í október og í mars lögðu umsjónarkennarar fyrir tengslakannanir. Eyðublöð og úrvinnslublöð eru á sameiginlegu svæði fyrir kennara skólans. Umsjónarkennarar vinna sjálfir úr þessum könnunum en leita til námsráðgjafa ef sérstök þörf er á því.

Aðgerðir umsjónarkennara
Námsráðgjafar settu saman gátlista sem umsjónarkennarar þurfa að fara eftir til þess að auðvelda þeim vinnuna vegna tilkynninga um grun um einelti.
Þar fylgja líka leiðbeiningar hvernig leiða þarf einstaklingsviðtöl við þolendur annars vegar og gerendur hins vegar.
Einnig fylgja þar leiðbeiningar um skráningu vegna vinnu við alvarleg samskipta- og eineltismál.

Árleg spurningakönnun
Árleg spurningakönnun varðandi líðan og einelti var lögð fyrir í mars. Fyrir liggja niðurstöður sem eru viðunandi fyrir skólann þó markmiðið sé að gera enn betur.
Þegar stýrihópur ræddi framkvæmd spurningakönnunarinnar kom fram að á næsta skólaári er þörf á eftirtöldum umbótum:
Það þarf að:

- útskýra betur fyrir nemendum tilganginn með þessari könnun og hvernig hún getur stuðlað að betri líðan í skólanum fyrir alla.
- mikilvægt er að samrýma betur fyrirmæli áður en nemendur taka könnunina.

- sjá til þess að nemendur í nýbúadeild taki sérstaka könnun með aðstoð.
- taka út möguleika fyrir nemendur að skrifa frjálsan texta í lok könnunarinnar þar sem þessi texti var þannig að ekki þótti við hæfi að birta hann. Þetta varð til þess að námsráðgjafar, sem hafa aðgang að niðurstöðunum voru þeir einu sem gátu kynnt niðurstöðurnar og vegna mikilla anna hjá þeim veittist ekki tími til að kynna niðurstöðurnar eins og nauðsynlegt er til þess að könnunin nýtist í skólasamfélaginu sem skyldi.
- leggja könnunina fyrir um mánaðarmótin nóvember - desember.
- umsjónarkennarar kynni fyrir nemendum niðurstöður strax að lokinni fyrirlögn.

Kynningarfundur í upphafi næsta skólaárs
Á síðasta fundi stýrihóps í vor var ákveðið að í upphafi næsta skólaárs þyrfti að efna til kynningarfundar um verkefnið "Saman í sátt". Á þessum fundi mun stýrihópur bjóða stjórnendum skólans, fagfólki stuðningsþjónustu skólans svo sem sálfræðingum og skólahjúkrunarfræðingum og fulltrúum úr foreldraráði skólans að hlýða á stutta kynningu um „Saman í sátt" verkefnið.

Fréttabréf "Saman í sátt"
Elín Einarsdóttir námsráðgjafi fór í náms- og kynnisferð til Bergen í Noregi til að kynna sér samsvarandi verkefni þar. Í framhaldi af þeirri heimsókn hafa ýmsar hugmyndir kviknað varðandi skólaþróunarverkefnið *Respekt* eftir dr.Roland, Vaaland og Störkesen. Þetta þróunarverkefni byggir á langri rannsóknarvinnu sem unnin hefur verið við Nationalt Senter for Adferdsforskning við Háskólann í Stavanger í Noregi. Þetta verkefni er nátengt Zero „Saman í sátt" verkefninu. Það sem aðgreinir þau er að Zero verkefnið beinir sjónum aðallega að aðgerðum vegna eineltismála en *Respekt* verkefnið tekur á miklu fleiri þáttum svo sem verkþátta sem móta jákvæða skólabrag.

Þeir skólar sem vinna eftir *Respekt* hugmyndafræðinni taka Zero verkefnið inn í verkefnið þegar verkferlar vegna eineltismála eru mótaðir.

Grunnurinn byggir á hugtakinu **virðingu** og þeim gildum sem það felur í sér. Þá er lögð mikil áhersla á að starfsmenn tileinki sér þessi gildi fyrst og hafi hugfast hlutverk sín sem fyrirmyndir.

Má segja að þeir sem hafa staðið fyrir þróunarverkefninu „Saman í sátt" hafi einmitt þróað það verkefni í takt við *Respekt* verkefnið. Það var því ýmislegt sem við getum notað strax miðað við hvar við stöndum með okkar þróunarverkefni.

Ein hugmynd var útgáfa fréttabréfs um skólastarfið og þá sérstaklega varðandi verkefnið "Saman í sátt" svo að allir sem eiga hlut í skólasamfélaginu fái kynningu á því starfi sem unnið er í tengslum við "Saman í sátt". Stýrihópur lagði til að þetta yrði skoðað strax á næsta skólaári.

Skýrslur um eineltismál á liðnu skólaári
Á árinu komu fram 24 tilkynningar vegna gruns um einelti til skólans. Fagfólk skólans vann með þessar tilkynningar eftir aðgerðaráætlun skólans þar sem aðaláhersla er lögð á að leysa öll mál á því stigi sem þau eru. Þetta þýðir að oftast hefst vinna við lausn mála hjá umsjónarkennara viðkomandi nemenda. Stundum þurftu umsjónarkennarar að óska eftir aðstoð námsráðgjafa skólans við lausn málanna en oft unnust málin hjá umsjónarkennurum.
Samkvæmt skýrslum umsjónarkennara í lok skólaársins 2013 greindust fimm mál sem eineltismál af þeim 24 tilkynningum um grun um einelti sem bárust og hafa þau öll fengið viðhlítandi vinnu. Tvö hafa hafa verið leyst farsællega en þrjú eru enn í vinnslu og verða áfram næsta skólaár. Tilgangurinn með skýrslum umsjónarkennara er að tryggja að verði breyting á umsjónarkennara bekkjar frá einu skólaári til annars sé tryggt að upplýsingar um slíka vinnu komist í hendur nýs umsjónarkennara.
Hér verður ekki lýst nánar hvernig unnið er með þessi mál en vísað er til aðgerðaráætlunarinnar „Saman í sátt".

Skólaráð

Skólaráð Álfhólsskóla var formlega stofnað 22. október 2010 eftir sameiningu Hjalla- og Digranesskóla. Skólaráðið starfar samkvæmt 8. gr. laga nr. 91/208. Í skólaráði 2012-2013 sátu: Sigrún Bjarnadóttir, skólastjóri, Hallgrímur Geir Gylfason, og Sigrún Guðmundsdóttir fulltrúar kennara, Selma Guðmundsdóttir og Ragnheiður Bóasdóttir, fulltrúar foreldra, Össur Geirsson, fulltrúi grendarsamfélags, Anna Guðný Björnsdóttir, fulltrúi annarra starfsmanna, Guðrún Kara Valgarðsdóttir og Anna Björg Friðriksdóttir, fulltrúar nemenda. Þeim Ragnheiði, Guðrúnu og Önnu er þakkað frábært starf í þágu foreldra og nemenda en þær eru að hætta í skólaráði. Skólaráðið hélt níu fundi á skólaárinu.

Samstarf heimila og skóla

Samstarf heimilis og skóla hefur aukist mjög á undanförnum árum. Kennarar eru í daglegum samskiptum við foreldra í gegnum tölvupóst. Mentor er orðin mjög veigamikill þáttur í samskiptunum og sú þróun mjög hröð. Þar geta foreldrar fylgst mjög vel með námi barna sinna og ástundun. Heimasíða skólans er mjög virk og þess er gætt að birta jafnóðum gagnlegar upplýsingar og nýjar fréttir úr skólastarfinu. Yfirumsjón með heimasíðunni hefur Árni Jónsson kennari. Námsefniskynningar eru haldnar á haustin. Foreldraviðtöl á skólaárinu voru þrjú. Fyrsta viðtal var á skólaboðunardegi skólans, annað viðtal var í nóvember og þriðja viðtal var í febrúar. Einnig hafa foreldrar samband við kennara í viðtalstímum og með tölvupósti.

Skýrsla foreldrafulltrúa í skólaráði

Um hlutverk og skipan skólaráðs segir í 1. gr. reglugerðar um skólaráð við grunnskóla, nr. 1157/2008 að við grunnskóla skuli starfa skólaráð sem sé samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólastjóri hefur forgöngu um stofnum skólaráðs. Hann situr í skólaráði og stýrir starfi þess.

Í skólaráði eru níu manns til tveggja ára í senn. Skólaráð fundar að meðaltali einu sinni í mánuði. Það sem af er þessu skólaári hafa verið haldnir 6 skólaráðsfundir auk opins fundar 17. apríl. Við það tilefni fór Sigrún Bjarndóttir skólastjóri yfir starf vetrarins og Sigrún Erla Ólafsdóttir kennari sagði frá innra mati skólastarfs. Álfhólsskóli mótaði starfshætti matsteymis vorið 2011 og setti fram matsáætlun til 5 ára. Fór Sigrún yfir viðfangsefni matsteymis, aðferðir og framkvæmd matsins og niðurstöður. Ragnheiður Bóasdóttir og Selma Guðmundsdóttir fóru yfir hlutverk og verkefni skólaráðs. Anna María Bjarnadóttir, formaður foreldrafélags Álfhólsskóla, kynnti starf foreldrafélagsins. Að lokum sagði Bragi Þór Thoroddsen, formaður skólanefndar Kópavogs, frá skólastefnu Kópavogs. Síðasti fundur vetrarins var haldinn 8. maí. Fundargerðir skólaráðs má lesa inni á heimasíðu Álfhólsskóla undir: alfholsskoli.is – skólinn – skólaráð – fundargerðir.

Skólaráð tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið. Með grenndarsamfélagi er fyrst og fremst átt við foreldra og forráðamenn skólabarna. Skólaráð er ein leið til þess að gera skólastarf lýðræðislegra með aukinni aðkomu foreldra að starfinu. Í því felst um leið aukin ábyrgð foreldra á mótun skólastarfs. Þessi nýjung kom inn með nýjum grunnskólalögum 2008 þar sem áhersla er lögð á það að foreldrar og nemendur komi að sínum sjónarmiðum við mótun skólastarfsins.
Starf foreldrafulltrúa í skólaráði er að koma að sjónarmiðum foreldra sem m.a. berast stjórn foreldrafélags Álfhólsskóla.
Á þessu skólaári hafa foreldrafulltrúar kynnt sér starfsáætlun skólans og veitt henni umsögn. Þeir kynntu sér drög að skólastefnu Kópavogsbæjar og stefnu Kópavogs í upplýsingatækni þar sem stefnt er að því að endurnýja tölvur á sex ára fresti og auka aðgengi nemenda að tölvum. Farið var yfir fjárhagsuppgjör síðasta árs og fjárhagsáætlun yfirstandandi árs. Áætlunin er innan marka. Keypt voru skrifborð og stólar fyrir nemendur á miðstigi og aðbúnaður unglinga bættur. Farin er af stað vinna með Grænfánann og eru öll innkaup skólans gerð með hugmyndir Grænfánans að leiðarljósi.
Fulltrúarnir kynntu sér niðurstöður samræmdra prófa þar sem lestrarátak Álfhólsskóla hefur skilað sér í góðum árangri nemenda í lestri og eru nemendur að bæta sig í öllum þáttum. Byrjað er á átaki í stærðfræðikennslu á yngsta stigi sem mun færast upp á miðstig.
Vinna við innleiðingu nýrrar aðalnámskrár er í fullum gangi og fylgjast foreldrafulltrúar með gangi mála. Næsta vetur verður unnið eftir nýrri aðalnámskrá sem tók gildi árið 2011 og stefnt er að því að hún verði komin til fullrar innleiðingar árið 2015.

Matur í skólum er foreldrum alltaf hugðarefni og umræða um hann skýtur reglulega upp kollinum á skólaráðsfundum. Þá er rætt um hvað betur mætti fara og leiðir sem hægt er að fara í því. Nú þegar geta nemendur á elsta stigi skammtað sér sjálfir matinn, fleira er í boði en áður og ættu því flestir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Stefnt er að því að nemendur á yngra stigi eigi einnig þennan kost næsta vetur. Boðið er upp á hafragraut á morgnana börnunum að kostnaðarlausu. Aukning hefur verið í að börnin séu í hádegismat í skólanum og eru nú 82% nemenda í Álfhólsskóla í mat. Fleiri kennarar borða nú með börnunum og hefur það skilað sér í betri hegðun og umgengni.

Öll viljum við auka öryggi barna í umferðinni sem er mikil á morgnana þegar börnin eru á leið í skólann. Verið er að skoða leiðir til þess, meðal annars hvort að eldri börnin mæti seinna í skólann en þau yngri og minnki með því akstursálagið á morgnana. Gæsla í frímínútum hefur verið aukin á eldra stigi með samstarfi við nemendur í 10. bekk, en þeir fara nú út í frímínútur með börnunum ásamt skólaliðum.

Foreldrafulltrúar kynntu sér aðgerðaráætlunina „Saman í sátt“ þar sem tekið er á einelti. Á heimasíðu skólans eru upplýsingar um hvernig á að bera sig að ef grunur um einelti vaknar. Leggja á áherslu á forvarnarvinnu meðal kennara og starfsfólks vegna eineltis.

Rætt hefur verið um fyrirkomulag dægradvalar og hvernig hægt sé að bæta starfið. 2. og 3. bekkur voru saman í íþróttahúsinu Digranesi en vegna þrengsla var 3. bekkur færður í matsal Álfhólsskóla í Digranesi.

Álfhólsskóli er einn þriggja grunnskóla sem var valinn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að taka þátt í ytra mati. Þrír þættir voru skoðaðir; stjórnun, nám og kennsla og vinnubrögð við innra mati. Niðurstöður hafa verið birtar á heimasíðu skólans.

Áhersla á samskipti og samstarf heimila og skóla var meginefni á **stefnumótunardegi** sem haldinn var 4. maí síðastliðinn. Unnið var út frá þremur spurningum: *Hvað teljast góð samskipti heimilis og skóla? Hvaða nýjar hefðir í samstarfi getum við búið til? Hvernig er hægt að virkja sem flesta foreldra til samstarfs og sjálfboðastarfa?* Stýrihópur um stefnumótun Álfhólsskóla mun móta stefnu skólans um samskipti út frá þeim gögnum sem eru afrakstur stefnumótunarfundarins. Miðað er við að þeirri vinnu ljúki í lok þessa skólaárs.

Árlegir foreldrafundir í upphafi skólaárs

Á undanförnum árum hafa foreldrafundir einkum snúist um námsefniskynningar og hafa þessir fundir ekki verið sérlega vel sóttir. Stýrihópur SÍS leggur til að í stað námsefniskynninga verði á næsta skólaári lögð áhersla á samstarf heimila og skóla með því að kynna:

- heimasíðu skólans
- tölvuforritið Mentor og hvernig þetta forrit getur auðveldað samstarf varðandi flesta þætti skólastarfsins.
- „Saman í sátt“ verkefnið**.** Námsráðgjafar útbúa í hendur umsjónarkennurum stutta kynningu.

Foreldrafélag Álfhólsskóla

Við Álfhólsskóla starfar öflugt foreldrafélag sem stofnað var 27. september 2010.
Á heimasíðu Álfhólsskóla er að finna heimasvæði foreldrafélags Álfhólsskóla. Þar er starfsemi foreldrafélagsins kynnt hverju sinni. Jafnframt má nálgast þar lög og stefnu félagsins.

Áform stjórnar foreldrafélags Álfhólsskóla 2012-2013:

Markmið stjórnar er að stuðla að öflugu foreldrasamstarfi með því að styðja við og efla samstarf fulltrúaráðs foreldrafélagsins sem samanstendur af bekkjarfulltrúum, fulltrúum foreldra í skólaráði og stjórn foreldra-félagsins.
Hitta nemendaráð og skólaráð svo stjórnin geti kynnt sér starfsemi þeirra. Þannig getur stjórnin myndað tengsl, styrkt samstarf foreldra og barna enn frekar og gætt hagsmuna barnanna okkar.

Halda áfram með útgáfu fréttabréfs foreldrafélagsins.
Skapa hefðir um viðburði í foreldrasamfélaginu.
Halda fræðsluerindi í samstarfi við skólann fyrir foreldra barna í 5. bekk og 8. bekk.
Halda fræðslu um skaðsemi eineltis fyrir alla foreldra barna í skólanum.
Halda kynningu að vori fyrir foreldra barna sem eru að byrja í skólanum komandi haust (vorskólinn) þar sem kynnt er m.a. starfsemi foreldrafélagsins, hlutverk bekkjarfulltrúa og námsgagnasala foreldrafélagsins fyrir nemendur í 1. bekk.
Reglulegir samráðsfundir með skólastjóra.

Viðburðir vetrarins.

Desemberfjör, var haldið laugardaginn 24. nóvember, Hjalla megin.
Páskabingó var haldið 16. mars, Hjalla megin.
Vorhátíð, var haldin í lok maí.

Eftirtaldir foreldra skipuðu stjórn foreldrafélagsins skólaárið 2012-2013

Anna María Bjarnadóttir, formaður
Sigurður Grétarsson, varaformaður
Erna Arnarsdóttir, ritari
Brynhildur Grímsdóttir, gjaldkeri
Selma Guðmundsdóttir, meðstjórnandi og fulltrúi í skólaráði
Berglind Svavarsdóttir, meðstjórnandi
Hörður Sigurðsson, meðstjórnandi

Varamenn eru Gunnar Þór Jóhannesson, Sólveig B. Hlöðversdóttir og Særún Sigurjónsdóttir.

Foreldrar kjósa fulltrúa í bekkjarráð á haustfundum í skólanum.
Bekkjarfulltrúum er einkum ætlað að:

- vera tengiliður milli foreldra barna í bekknum og kennara.
- vera tengiliður milli foreldra og stjórnar foreldra- og kennarafélags.
- stuðla að auknum kynnum foreldra innbyrðis, t.d. með því að standa fyrir fundum, samkomum o.fl.

Bekkjarfulltrúar skólaárið 2012-2013

Fulltrúi	Bekkur	Fulltrúi	Bekkur
Brynhildur Grímsdóttir	1.SGG	Einar Helgason	6.BH
Rebekka Atladóttir	1.SGG	Jóhannes Ari Arason	6.EÓÓ
Heiða Salvarsdóttir	1.SGG	Rósa Björg Brynjarsd.	6.EÓÓ
Helga Rut Baldvinsdóttir	1.DSÞ	Marta Ólöf Jónsdóttir	6.GK
Eyrún H. Hlynsdóttir	1.DSÞ	Kristín Stefánsdóttir	6.GK
Jón G. Kristinsson	1.IÓ	Hildur Halldórsdóttir	7.RH
Brynjar F. Valsteinsson	1.IÓ	Hrefna Berglind Ingólfsd	7.RH
Guðmundur Valur Guðmundsson	2.ÞA	Heiðrún Sigvaldadóttir	7.SÓ
Kristbjörg Pálsdóttir	2.ÞA	Sigrún Sigurðardóttir	7.SÓ
Eygerður Margrétardóttir	2. IE	Kristín Andrea Einarsd.	7.EÓ
Íris Dögg Sigurðardóttir	2. IE	Jón Gunnar Kristinsson	7.EÓ
Karen E. Halldórsdóttir	2.SG	Björg Erlingsdóttir	8.HP
Emilía Bragadóttir	2.SG	Ásta Samúelsdóttir	8.HP
Sigrún S. Óttarsdóttir	2.SG	Signý I.Pétursdóttir	8.SP
Sigurlaug Viktoría Pettypiece	3. SA	Gerður Guðmundsdóttir	8.SP
Hrönn Heiðarsdóttir	3. SA	Íris Rós Þrastardóttir	8.SP
Margrét Jóhanna Magnúsdóttir	3. SA	Eydís Guðbjartsdóttir	8.SB
Sigurður Ríkharð Árnason	3. SA	Diljá Erna Eyjólfsdóttir	8.SB
Ólafía María Gunnarsdóttir	3. EGS	Tinna Dögg Gunnarsd.	8.SB

Ingibjörg Thomsen	3. EGS	Sveinbjörg Eggertsdóttir	9.KG
Jón Gunnar Biering Margeirsson	3. EGS	Guðni R. Björnsson	9.KG
Guðrún Sverrisdóttir	3. GT	Kristín Halla Hannesd.	9.HGG
Eygló Ósk Magnúsdóttir	3. GT	Eygerður Margrétard.	9.HGG
Kristín Stefánsdóttir	4. HHR	Dýrleif Ingvarsdóttir	9.RBÞ
Guðmundur Vilhjálmsson	4. HHR	Ásta J. Guðjónsdóttir	9.RBÞ
Margrét Lísa Sigþórsdóttir	4. HHR	Helga B. Steingrímsd.	10.DÁ
Guðrún Þórðardóttir	4. HHR	Kristín Andrea Einarsd.	10.SÞÞ
Deborah Anne Ólafsson	4. JÞS	Ásrún Lára Jóhannsd.	10.SÞÞ
Jóhanna M. Baldursdóttir	4. JÞS	Ólafur Gylfason	10.SHK
Sigurður Á. Arnarsson	4. KP	Erna M. Arnasdóttir	10.SHK
Ingimundur Árnason	4. KP	Lilja Ólöf Þórhallsdóttir	5. SEÓ
Karl Einarsson	5.EJ	Hallveig Jónsdóttir	5. SEÓ
Eyjólfur G. Ingólfsson	5.EJ	Sigríður Gísladóttir	5. SEÓ
Marijana Krajacic	5.EJ	Hólmfríður Karlsdóttir	5. SEÓ
Kristjana Kjartansdóttir	5. SS	Þuríður Steinarsdóttir	6.BH
Valgerður G. Guðgeirsdóttir	5. SS	Claudia Margrét Lukas	6.BH
Guðrún Hilmarsdóttir	5. SS	Valgeir Hilmarsson	6.BH

Áherslur í skólastarfi

Símenntun starfsmanna

Ný símenntunaráætlun skólans fyrir skólaárið 2012-2013 var unnin á vorönn og kynnt fyrir starfsmönnum í maí. Áætlunin var ennfremur kynnt skólaráði, skólanefnd og Menntasviði Kópavogs í starfsáætlun skólans. Skólinn fékk styrk að upphæð kr. 450.000,- vegna námsmats og kr. 80.000,- vegna Saman í sátt verkefnis úr endurmenntunarsjóð grunnskóla til að halda nokkur námskeið á s.l. skólaári.

Skólinn ráðstafaði þeirri upphæð meðal annars til að senda kennara á eftirfarandi námskeið:

- Mat í þágu náms
- Stærðfræði

Kennara sátu auk þess fræðslufundi á vegum Kópavogsbæjar:

- Skólaþing Kópavogs
- Námsmat: Ragnheiður Hermannsdóttir

Kennara sátu auk þess námskeið og erindi á vegum skólans um eftirtalin efni:

- Mentor
- Námskrá, Jón Baldvin Hannesson skólastjóri Giljaskóla
- Saman í sátt
- Spegluð kennsla
- Skólaráðstefna epli.is
- ADHD
- Skyndihjálparnámskeið

Kennarar sinna auk þessa persónulegri símenntun.

Viðtökuskóli kennaranema

Samkvæmt samningi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands er Álfhólsskóli viðtökuskóli kennaranema í æfingakennslu. Í því felst að skólinn tekur á móti kennaranemum á hverjum vetri til þjálfunar og leiðsagnar. Skólastjóri hefur umsjón með kennaranemum, tilnefnir umsjónarkennara og skipuleggur æfingakennsluna.

Hópur reyndra og áhugasamra kennara tók á móti nemum í vetur og komu 20 kennaranemar frá Menntavísindasviði og Listaháskóla íslands. Einnig komu 12 erlendir skiptinemar í heimsókn og voru hér einu sinni í viku í fimm vikur.

Fagfundir grunnskólanna

Á skólaárinu var einn skipulagsdagur kennara sameiginlegur í öllum Kópavogi og var sá dagur skipulagður 28. september 2012. Þá var skólaþing Kópavogs haldið. Þema þingsins var aðalnámsskrá grunnskólanna.
Fyrirlestarar voru um grunnþætti menntunnar fyrir hádegi og eftir hádegi hittust kennarar í árgöngum eða faggreinum og ræddu aðalnámsskrá.

Læsi í Álfhólsskóla

Álfhólsskóli hefur unnið að því í vetur að þróa áfram verkefnið læsi sem byggir á greiningartækinu LOGOS. LOGOS kannar m.a. sértæka náms- og lestrar örðugleika ásamt því að vera nýtt til skimunar á heilum bekkjum. Skimunin sýnir hvar nemandinn er staddur í leshraða, lesskilningi, lestri út frá hljóðaaðferð og lestri út frá rithætti. Þessar skimanir hafa verið gerðar í 3., 4., 6. og 9. bekk nú í vetur.
Í 3., 4. og 6. bekk hefur þetta verið gert tvisvar á vetri, að hausti og að vori en í 9. bekk eingöngu að vori. Í hverjum árgangi hefur nemendum verið skipt upp í lestrarhópa út frá niðurstöðum skimunar þar sem unnið hefur verið t.d. með víxllestur, sögur og verkefni.
Aðgerðaráætlun hefur verið unnin út frá hverjum og einum nemanda og framfarir hans mældar reglulega. Fjórar kennslustundir á viku voru settar inn á stundatöflu hjá hverjum þeim kennara sem kenndi íslensku. Var skipulagið lagt fram með vissum kennsluleiðum og ákveðnum verkefnum allt út frá styrkleikum nemenda hverju sinni.
Mismunandi áherslur voru í verkefninu yfir skólaárið og var símat og endurskoðun á færni nemenda skilvirk. Verkefnið LÆSI er í sífelldri þróun og því viðbúið að það taki breytingum eftir því sem líður á þessa markvissu vinnu með lestrarfærni nemenda í Álfhólsskóla. Álfhólsskóli fékk viðurkenningu frá Kópavogsbæ fyrir þessa vinnu á skólaárinu.
Í tengslum við námsmat á þessu skólaári hefur jafnframt verið gert vinnuplan varðandi námsmat í tengslum við læsisstefnu og hina nýju aðalnámskrá í Álfhólsskóla. Teymi verður myndað um verkefnið og mun leiða vinnuna næsta haust.
Fagfundir um læsisstefnu skólans hafa verið haldnir og eru þeir 15 talsins á yngsta- og miðstigi.
Fyrirhugað er að tengja elsta stig inn í verkefnið hausti 2013.
Einstaklingsáætlanir: Allir nemendur í Álfhólsskóla eru prófaðir i lestri og fylgir hér tímaáætlun.

Tímaáætlun skimana og greininga.

Tímaáætlun verkefna

	ágú.	sep.	okt.	nóv.	des.	jan.	feb.	mar.	apr.	maí
Logos										
Logos skimun í 3.-4. og 6. bekk										
Tove Krogh Bohem prófið										
Les I og Les II										
Logos skimun í 9. bekk										
Lestrar og lesskilningspróf										
Hraðapróf /raddlestur/hljóðlestur										

Mat á skólastarfi – sjálfsmat

Sjálfsmatskýrsla Álfhólsskóla fyrir árið 2011 – 2012 var lögð fram til kynningar í desember 2012. Meðfylgjandi er slóð á skýrsluna, auk þeirra kannana sem lagðar voru fyrir á vorönn 2012. http://www.alfholsskoli.is/index.php/mat-a-skolastarfi/aaetlanir/matsaaetlun

Álfhólsskóli starfar samkvæmt skólastefnu Kópavogs. Stefnukort skólans má finna heimasíðu skólans http://alfholsskoli.is/.

Álfhólsskóli var metin á vorönn 2013 með ytra mati. Matið unnu matsmenn á vegum Námsmatsstofnunnar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga. Matið var framkvæmt af Hönnu Hjartardóttur og Þóru Björk Jónsdóttur en það fór fram á vettvangi 15.-30. apríl en áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur.

Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þarf af voru þrír fyrirfram ákveðnir en sá fjórði var ákveðin af Menntasviði Kópavogs og Álfhólsskóla. Þættirnir voru stjórnun, nám og kennsla, innra mat og stoðþjónusta. Meðfylgjandi er slóð á skýrsluna.
http://www.alfholsskoli.is/images/stories/mataskolastarfi/matsgogn/Ytramatalfholsskoli.pdf

Skólaheimsóknin stóð yfir í sex daga. Vettvangsathuganir voru í 43 kennslustundum hjá jafn mörgum kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum svo sem stærðfræði, íslensku (lestur, skrift, bókmenntir, málfræði), samfélagsfræði, náttúrufræði, smíði, leiklist og tónlist auk sérkennslu og nýbúakennslu. Haldnir voru rýnifundir með kennurum, öðrum starfsmönnum skólans, stjórnendum, nemendum í tveimur hópum þ.e. annars vegar nemendum í 1. – 6. bekk og hins vegar 7. – 10. bekk, foreldrum og fulltrúum í skólaráði. Fulltrúar í rýnihópa voru valdir með slembiúrtaki nema stjórnendur. Þá var tekið einstaklingsviðtal við skólastjórann. Vegna fjórða matsþáttarins, sérkennsla/stoðþjónusta, var myndaður sérstakur rýnihópur sem upplýsti um þjónustuna auk þess sem tekið var einstaklingsviðtal við deildarstjóra stoðþjónustunnar. Spurningum um stoðþjónustu var einnig beint til rýnihópa kennara, skólaráðs og foreldrafélags.

Niðurstöður matsins voru mjög jákvæðar fyrir skólann og lokaorðin eru: „Álfhólsskóli er skóli þar sem borin er virðing fyrir margbreytileika og leitast er við að koma til móts við þarfir allra nemenda.“

Starfsmenn skólans eru mjög ánægðir með niðurstöður matsins og telja þær vera hvatningu til að viðhalda góðu starfi sem unnið er í skólanum. Unnin verður umbótaáætlun á grundvelli matsins.

Nám við hæfi

Segja má að með samræmdum prófum hafi yfirvöld og samfélagið ákveðið að sérstök áhersla skuli vera á þrjár bóklegar greinar: Íslensku, ensku og stærðfræði.

Í *Námi við hæfi* undirstrikum við þetta með því að einbeita okkur að íslensku og stærðfræði og er nemendum skipt í hópa í þessum námgreinum þvert á bekkjardeildir. Öll kennsla í greininunum fer fram á sama tíma. Erfitt er að koma því við að kenna einnig ensku í öllum bekkjum í hverjum árgangi fyrir sig á sama tíma.

Í *Námi við hæfi* er leitast við að koma á móts við þarfir nemenda á sem hagkvæmastan hátt. Í stað þess að styðja hægfara nemendur inni í bekk lítum við til árgangsins í heild og skiptum bekkjunum upp þannig að við tryggjum öllum nemendum það að þeir geti lært með öðrum en fái jafnfram nám við hæfi út frá hæfni þeirra og virkni.

Hæfni: Þekking nemanda í ákveðinni námsgrein og leikni hans í meðferð þeirrar þekkingar myndar hæfni hans. (Vísast hér til bls. 28 og 29 í Aðalnámskrá grunnskóla, almenna hluta 2011).

Virkni: Virkni í námi tengist því hvernig námshraði nemanda er, ástundun hans, sjálfstæði, frumkvæði og ábyrgðkennd gagnvart náminu.

Kennsluaðferðir: Kennt er á fjölbreyttan hátt í áföngum eða lotum og í lok hverrar lotu er námsmat. Námsefni er miðað við færni og námshraða nemenda í hverjum hóp. En sveigjanleiki er varðandi einstaklinga innan hópsins. Að auki eru sérkennsluhópar þar sem kennsla er einstaklingsmiðuð.

Mat: Í upphafi eru sett fram ákveðin árangursmarkmið í hverjum hópi fyrir hvern áfanga. Matið er tvíþætt. Annars vegar er mat út frá forsendum nemenda hópanna og hins vegar lokapróf sem er megindarlegt mat, sama próf fyrir alla nema sérkennslunemendur. Nemendur sem eru virkir og sýna hæfni umfram þau markmið fara í hraðari ferð en þeir sem ekki eru að ná lágmarksmarkmiðum fara í hægari ferð.

Samræmd próf

Nemendur í 4., 7. og 10. bekk tóku samræmd próf í september 2012.

Úrvinnsla

Stjórnendur unnu úr niðurstöðum á samræmdum prófum. Hver námsgrein var flokkuð niður í námsþætti og borið saman við landið og nágrenni Reykjavikur. Einnig voru niðurstöður skoðaðar á milli ára og árangur nemenda borin saman á milli samræmdra prófa þ.e. 4. og 7. bekkjar, 4., 7. og 10. bekkjar. Bæði er unnið með einstaka bekki, árganginn í heild, árangur eftir kyni og síðan einstaka nemendur.

Framfarastuðull er reiknaður út frá einkunnum nemenda á tveimur samræmdum prófum. Er honum ætlað að gefa vísbendingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því árgangurinn þreytti samræmt próf fyrr á námsferlinum. Er því annar vegar verið að skoða frammistöðu einstaklings milli 4. og 7. bekkjar og hins vegar milli 7. og 10. bekkjar.

Framfarastuðlar	Túlkun
0,94 eða lægri	Litlar framfarir
0,95 til 0,98	Framfarir í lægri kanti
0,99 til 1,01	Venjulegar framfarir
1,02 til 1,05	Framfarir í hærri kanti
1,06 eða hærri	Miklar framfarir

Farið var yfir niðurstöður með umsjónarkennurum, sérkennurum og stjórnendum. Helstu niðurstöður eru kynntar skólaráði og öllum kennurum.
Með þessari úrvinnslu kemur mjög skýrt fram hvaða þættir eru að koma vel út og hvaða þættir gætu verið betri. Niðurstöður eru notaðar til umbóta hjá nemendum, bekkjum og árgöngum í heild sinni.

Niðurstöður
Niðurstöður í samræmdum prófum í 4., 7. og 10. bekk haustið 2012 í Álfhólsskóla í samanburði við nágrenni Reykjavíkur og landið.

	Álfhólsskóli	Nágr. Rvk.	Landið	Álfhólsskóli normaldreifð	Kópavogur normaldreifð	Nágr. RVk normaldreifð
4. b Íslenska	7,0	6,5	6,3	34,4	31,8	31,0
4. b stærðfræði	7,0	7,1	7,0	29,3	31,3	30,8
7. b íslenska	6,7	6,6	6,5	32,1	32,1	31,6
7. b stærðfræði	8,0	7,3	7,0	35,6	33,7	31,6
10. b íslenska	6,5	6,5	6,4	33,6	31,1	30,5
10. b stærðfræði	6,7	6,7	6,5	31,4	31,5	31,1
10. b enska	7,0	6,8	6,6	32,0	31,2	31,2

Samræmdar einkunnir eru á kvarðanum 1 – 10
Normaldreifðar einkunnir eru á kvarðanum 0 - 60, meðaltal 30 á landinu

4. bekkur
Í lestri var árangur mjög góður en normaldreifð einkunn skólans var 34,4 sem er 3,4 yfir landsmeðaltali. Mjög góður árangur var í lestri, skólinn var hátt í einum heilum yfir landsmeðaltali.

Í stærðfræði var árangur í landsmeðaltali. Ákveðið hefur verið að fara í þróunarvinnu í stærðfræði til að bæta árangur.

7. bekkur
Í íslensku er árangur nemenda rétt yfir landsmeðaltali eða 0,2. Góðar framfarir hafa orðið hjá nemendum í 7. bekk 2012 miðað við sömu nemendur þegar þeir voru í 4. bekk 2009. Framarastuðull í íslensku í 7. bekk er 1,03 sem eru framfarir í hærri kanti.

Í stærðfræði er árangur mjög góður. Árangur nemenda eru einum heilum yfir landsmeðaltali. Mjög miklar framfarir hafa orðið hjá nemendum í 7. bekk 2012 miðað við sömu nemendur þegar þeir voru í 4. bekk 2009. Framfarastuðull í stærðfræði er 1,07 sem eru miklar framfarir.

10. bekkur

Í íslensku er árangur nemenda rétt yfir landsmeðaltali eða 0,1. Verulegar framfarir hafa orðið hjá nemendum í 10. bekk 2012 miðað við sömu nemendur þegar þeir voru í 7. bekk 2009. Framarastuðull í íslensku í 10. bekk er 1,00.

Í stærðfræði er árangur nemenda rétt yfir landsmeðaltali eða 0,2. Verulegar framfarir hafa orðið hjá nemendum í 10. bekk 2012 miðað við sömu nemendur þegar þeir voru í 7. bekk 2009. Framarastuðull í stærðfræði í 10. bekk er 0,99.

Í ensku er árangur nemenda vel yfir meðaltali eða 0,4 sem er mjög gott.

Ýmsar skýrslur

Á skólaárinu 2012 – 2013 var tekin upp sú nýbreytni að allir kennarar skólans áttu að skila inn skýrslu til skólastjóra um starfsemina. Áður hafa deildarstjórar, námsráðgjafar og starfsmenn bókasafna árlega skilað inn slíkum skýrslum. Kennarar einstakra árganga skila skýrslu sameiginlega en auk þess skila kennarar verkgreina og kennarar í erlendum tungumálum sérstakri skýrslu.
Þetta er í fyrsta sinn sem þetta verklag er viðhaft innan skólans en hugmyndin er að þróa það áfram á komandi árum. Reynslan af þessum fyrstu skýrslum er góð þó ljóst sé að endurskoða þurfi verklagið áfram og ganga ríkar eftir því að allir sem eiga að skila inn skýrslu geri það.
Skýrslurnar eru mikilvægt tæki í innra mati, endurgjöf á starfsemina og mikilvægur upplýsingabanki til framtíðar. Í skýrslunum gefst starfsmönnum tækifæri til að leggja heildstætt mat á vetrarstarfið og að koma á framfæri með formlegum hætti ábendingum til stjórnenda um hvað gengur vel sem og hvað megi bæta í innra starfi og búnaði til að ná enn betri árangri.
Hér er birt meginefni úr skýrslum deildarstjóra, námsráðgjafa og þekkingarsmiðju ásamt stuttri samantekt úr öðrum skýrslum.

Skýrsla deildarstjóra yngri- og eldri deilda

Deildarstjóri hefur umsjón með og ber ábyrgð á skilgreindum verkefnum í stjórnun og kennslu skólans og vinnur náið með stjórnendum og kennurum. Hann er faglegur ráðgjafi og yfirmaður kennara á sínu stigi og annast alla daglega stjórnun í sinni deild. Deildarstjóri ber jafnframt ábyrgð á þeim verkefnum, öðrum en kennslu, sem staðsett eru í deildinni samkvæmt þeirri verkaskiptingu sem er í gildi og kemur fram í skipuriti skólans.

Í skólabyrjun voru megin verkefni deildarstjóra að fara yfir skólanámskrá skólans, hún endurskoðuð og uppfærð. Gengið var frá ýmiss konar skipulagi s.s. vallatöflum, útivistartöflum, hreinsun á skólalóð, skipulagi fyrir matsal og öðru innanhússkipulagi. Deildarstjórar hafa yfirumsjón með bókageymslu og kennslugögnum og fóru yfir kaup á námsbókum og námsgögnum. Haldnir voru fundir með foreldrum nýrra nemenda að hausti og námsvísar og kennsluáætlanir yfirfarnar.

Deildarstjórar sitja í stjórnendateymi skólans sem fundar einu sinni í viku. Þeir sitja einnig í nemendaverndarráði og eineltisteymi skólans. Einnig skipuleggja þeir deildafundi á sínu stigi.

Deildarstjórar yngra og eldra stigs sjá um að skipuleggja og manna forföll. Hafa forystu um stefnumótun fyrir sína deild í samráði við skólastjóra og aðra stjórnendur skólans. Stefnumótun skal taka mið af aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskrá.

Deildarstjórar yngra og eldra stigs hafa umsjón með endurskoðun skólanámskrár á sínu stigi og einnig má nefna skipulag starfsdaga, námsefniskynninga, samræmdra prófa, skemmtana, ferða, dags íslenskrar tungu ásamt skilulagi heilsudögum og þemadögum skólans.

Deildarstjóri yngra stigs sér um öll samskipti við leikskóla og situr fundi með þeim. Hann skipuleggur heimsóknir leikskólanna og vorskóla fyrir verðandi 1. bekkinga.

Deildarstjórar eldra stigs sjá um samskipti við Menntaskólann í Kópavogi, félagsmiðstöðina Pegasus, Reykjaferð, Laugaferð, stóru upplestrarkeppnina og spurningakeppnina *Lesum meira*.

Deildarstjórar halda utan um námsmat í skólanum í samvinnu við kennara og hafa umsjón með samræmingu námsefnis innan síns stigs. Halda utan um skráningu á tillögum og hugmyndum sem fram koma frá stiginu og fylgja eftir að fréttir af stiginu berist til umsjónarmanns heimasíðu og í vikupóst.

Skýrsla deildarstjóra sérúræða

Verksvið deildarstjóra er að hafa yfirumsjón með sérúrræðum skólans sem og allri séraðstoð sem nemendum var veitt. Stoðþjónustan sinnir þeim deildum og sérþjónustu sem skólinn hefur innan sinna veggja sem m.a. eru einhverfudeild, nýbúadeild, sérúræði og námsver á yngra- og eldra stigi. Starfandi við skólann eru sérkennarar, þroskaþjálfi, kennarar með annað móðurmál en íslensku, stuðningsfulltrúar talkennarar, sálfræðingar, og námsráðgjafar sem allir koma að einhverju leyti að þessari starfsemi innan skólans og veita þá þjónustu sem þarf fyrir hvern og einn nemanda. Vinnuferlar og allt skipulag var í höndum deildarstjóra sem sá um að koma málum í farveg í samráði við aðra fagaðila hvort heldur var eftir nemendaverndarráðsfundi eða fundi sem voru reglulega með sérkennurum deildanna og öðrum fagaðilum. Einnig voru stjórnendafundir einu sinni í viku.

Þjónusta sérúrræða, sem veitt var er, sem hér segir:

- sérkennsla í misstórum hópum til lengri eða skemmri tíma
- einstaklingskennsla
- stuðningskennsla innan og/eða utan bekkjar
- færnimiðuð kennsla í verkgreinum
- markviss íslenskukennsla fyrir tvítyngda nemendur
- viðtöl og greiningar hjá sálfræðingum
- skimanir og talkennsla hjá talkennurum
- námsráðgjöf, viðtöl og kvíðameðferð ásamt eineltismeðferð hjá námsráðgjöfum
- þjónusta sem veitt var af sérkennurum og öðrum fagaðilum má m.a. nefna kennslu, stuðningur og ráðgjöf, samstarf við nemendur, foreldra, bekkjarkennara og aðra sérfæðinga innan og utan skólans. Gerðar voru skýrslur um alla þá nemendur sem fengu þjónustu innan sérkennslunnar þar sem tekið var fram markmið sem stefnt yrði að með kennslunni, hver framkvæmdin yrði og hvaða leiðir yrðu farnar með hvern og einn nemanda.

Sérkennarar í námsveri aðstoðuðu umsjónarkennara við fyrirlögn prófa þeirra nemenda, sem þurftu tilhliðranir, s.s. lengri prófatíma, stærri leturgerð, litaðan pappír, prófúrlausnir í tölvutæku formi eða fengu að taka munnleg próf. Þetta á einnig við um samræmd próf. Gagnvirk samvinna er á milli sérkennara og umsjónarkennara um þá nemendur sem þurfa á einhvers konar aðstoð að halda um lengri eða skemmri tíma. Meginþungi hinnar almennu sérkennslu var í kjarnagreinum, s.s. íslensku, lestraraðstoð og stærðfræði. Einnig var lögð áhersla á færnimiðaða kennslu í verkgreinum fyrir nemendur sérúrræða, einhverfudeildar og nýbúadeildar.

Mikilvægi verklegrar kennslu innan sérúrræða

Færnimiðaðir tímar voru skipulagðir á mismunandi vegu. Fór það eftir áhugasviði nemenda og virkni hvað unnið var með hverju sinni. Margt var í boði hjá verkgreinakennurum og fengu nemendur að blómstra í þessum tímum í sínum styrkleikum og sjálfstæði. Lögð var áhersla á að nemendur öðluðust færni og öryggi þannig að þeir upplifi sig sterkari með sínum aldurhópum. Nú höfðu þeir fengið styrkingu þekkingu og reynslu sem gaf þeim forskot í getu í að leysa hin ýmsu verkefni. Mikilvægt er að þessir tímar séu metnir að jöfnu við bóklegt nám nemandans.

Samráðsfundir
Sérkennarar funduðu tvisvar í mánuði og einstaka sérfundir voru með Félagsþjónustu Kópavogs vegna skjólstæðinga þeirra. Fagstjórar einhverfudeildar og nýbúadeildar funduðu einu sinni í viku með deildarstjóra. Deildarstjóri fundaði auk þess reglulega með námsráðgjöfum eldra stigs. Fundað var með námsráðgjafa yngra stigs í vissum málum sem upp komu. Deildarstjóri fundaði auk þess með sálfræðingum og talmeinafræðingu um einstök mál. Stærri fundir voru einnig með öllum kennurum nýbúadeildar sex sinnum í vetur. Fundað var með öllum kennurum einhverfudeildar einu sinni í mánuði. Deildarstjóri sat teymisfundi utan og innan skólans vegna nemenda með hinar ýmsu greiningar.

Nemendaverndarráð
Nemendaverndarráð starfar samkvæmt lögum um grunnskóla. Nemendaverndarráðsfundir voru haldnir í báðum byggingum, á yngra stigi á fimmtudögum aðra hvora viku og voru það 14 fundir alls yfir veturinn. Á mið- og eldra stigi voru fundir haldnir á mánudögum aðra hvora viku og voru það 17 fundir alls þar af fjórir stórir fundir með Félagsþjónustu Kópavogs þar sem farið var yfir mál sem þar voru í vinnslu. Þá fundi sátu skólastjóri og deildarstjóri sérúrræða. Námsráðgjafar skólans sátu tvo af þessum fundum ásamt fulltrúum frá Félagsþjónustu Kópavogs.

Lestrarprófanir og þróunarvinna í læsi

Viðfangsefni
Álfhólsskóli hefur unnið að því í vetur að þróa áfram verkefnið **læsi** en hafin var vinna með það skólaárið 2010. Þessi þróunarvinna byggir á greiningartækinu LOGOS. LOGOS kannar m.a. sértæka náms- og lestrar örðugleika ásamt því að vera nýtt til skimunar á heilum bekkjum. Skimunin sýnir hvar nemandinn er staddur í lestrarferlinu. Þessar skimanir hafa verið gerðar í 3., 4., 6. og 9. bekk nú í vetur.
Í 3., 4. og 6. bekk hefur þetta verið gert tvisvar á vetri, að hausti og að vori, en í 9. bekk eingöngu að vori. Í hverjum árgangi hefur nemendum verið skipt upp í lestrarhópa út frá niðurstöðum skimunar þar sem unnið hefur verið t.d. með víxllestur, sögur og verkefni.
Aðgerðaráætlun hefur verið unnin út frá hverjum og einum nemanda og framfarir hans hafa verið mældar reglulega. Fjórar kennslustundir á viku voru settar inn á stundatöflu hjá hverjum þeim kennara sem kenndi íslensku og var hún lögð fram með vissum kennsluleiðum og ákveðnum verkefnum allt út frá styrkleikum nemenda hverju sinni.

Þar sem hér er um að ræða viðamikið þróunarverkefni, sem enn er í gangi, er hér gerð grein fyrir þeirri vinnu sem fram fer í hverjum árgangi innan verkefnisins.

Lestrarpróf
Allir nemendur í 1. - 7. bekk eru lestrarprófaðir tvisvar sinnum á árinu og þeir sem voru undir viðmiðum árgangs voru prófaðir fimm sinnum. Sérkennarar skólans sáu um að radd - og hljóðlestrarprófa alla nemendur í 1. - 6. bekk að hausti og aftur í apríl/ maí. Einnig fóru allir nemendur í lesskilningspróf en mikil áhersla var lögð á að vinna markvisst með lesskilning sem umsjónarkennarar og sérkennarar lögðu fyrir og unnu að í sameiningu tvisvar yfir veturinn í janúar og í maí.

1.bekkur
Í fyrsta bekk var lögð áhersla á undirstöðuþætti lestrarkennslunnar, eftir áramót var nemendum skipt í hópa, bekkjunum skipt upp. Nemendur voru í mismunandi vinnuhópum allt eftir því hvert þeir voru komnir í lestrarferlinu en LES I sem er gott skimunarpróf var nýtt til að kortleggja þessa vinnu með hvern og einn nemanda. Kennarar fengu hver sinn hóp þar sem mismunandi áherslur voru settar inn. Þessir tímar voru fjórum sinnum í viku. Símat var og nemendur færðust milli hópa eftir því hverjar framfarir voru hverju sinni. Teknar voru athuganir og skimanir til að fylgjast með framförum nemenda. Markmiðin sem unnið var eftir tengdust skimunum, markvissri málörvun, Tove Krogh og heyrnrænni og sjónrænni úrvinnslu á stöfum og orðum. Nemendur sem voru læsir þegar skólaganga hófst fengu verkefni við sitt hæfi. Deildarstjóri sérkennslu kom inn í þessa vinnu. Fór hluti kennslunnar fram hjá sérkennurum og annað í hópum hjá bekkjarkennurum. Allir nemendur í 1. bekk voru skimaðir af talkennurum skólans. Nemendur sem þurftu talþjálfun eða eftirfylgd voru 37 talsins, 15 nemendur þurfa áframhaldandi talþjálfun næsta vetur þar af eru sjö í nýbúadeild skólans. Víxllestur var settur inn sem lestrarátak að vori í 1. bekk.

2.bekkur
Í öðrum bekk var miðað við að halda áfram sem frá var horfið í lestrarkennslu í 1. bekk. Unnið var með lestrarþjálfun, ritun, mál- og hljóðkerfisvitund. Allir nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Stafsetningarpróf (Aston Index) var lagt fyrir alla nemendur að hausti. Lögð voru fyrir lesskimunarprófin LES I í nóvember og LES II í apríl. Víxllestur var settur af stað sem átak að hausti og aftur að vori. Með víxllestri er gagnvirk samvinna heimilis og skóla. Sérkennarar og umsjónarkennarar sáu um að lesskilningsprófa alla bekki að hausti og einnig að vori var þetta gert til þess að fá sem bestan samanburð á framförum nemenda. Sérkennarar sáu um að raddlestrarprófa alla nemendur tvisvar að hausti og aftur að vori. Þeir nemendur sem nutu sérkennslu voru prófaðir fjórum til fimm sinnum yfir skólaárið. Símat var einnig allan veturinn hjá þeim nemendum sem voru í námsveri skólans og þurftu á sértækri lestrarkennslu að halda.
Átta nemendur voru í talþjálfun í vetur og þurfa þrír áframhaldandi þjálfun næsta vetur.

3.bekkur
Í þriðja bekk var unnið áfram með lestrarferlið lögð var áhersla á lestrarþjálfun, lesskilning, ritun, mál– og hljóðkerfisvitund í íslensku. Allir nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Stafsetningarpróf (Aston Index) var lagt fyrir alla nemendur að hausti. Allir nemendur í 3. bekk voru skimaðir með greingartækinu LOGOS. Hér var skoðaður lesskilningur, lestrarfærni (leshraði og skilningur) lestur út frá rithætti og lestur út frá hljóðaaðferð. Sjá hópaskiptingu hér að neðan þar sem nemendur voru settir í hópa eftir því hvar styrkleikar þeirra lágu og hvað þurfti að vinna og þjálfa. Markviss vinna er í sérkennslu með hljóðræna og sjónræna vinnu og eru tölvur og smart-töflur nýttar til þeirrar kennslu, jafnt fyrir nemendur í námsveri sem og í bekkjarhópum. Víxllestur var settur inn tvisvar, að hausti og að vori. Mælingar á stöðu nemenda fóru fram eftir hvert átak þar sem sérkennarar radd- hljóðlestrarprófuðu nemendur.

4.bekkur
Í fjórða bekk var unnið áfram með lestrarstefnu skólans. Nemendur voru prófaðir að hausti í raddlestri /hljóðlestri. Allir nemendur voru skimaðir aftur með greiningartækinu LOGOS og nú var gerður samanburður á framförum nemenda í því sem prófað hafði verið í 3. bekk með LOGOS. Nokkrir nemendur fóru nú í allt prófið þar sem grunur lék á að um lesblindu væri að ræða hjá þeim.
Fráviksþjónusta var í boði í námsveri sérkennslunnar þar sem nemendur gátu tekið samræmd próf á lengri tíma og með þeim frávikum sem sótt hafði verið um fyrir þá. Deildarstjóri sérúrræða, foreldrar og umsjónarkennari sáu um að meta og sækja um fráviksþjónustu. Víxllestur var settur inn tvisvar, að hausti og að vori, mælingar á stöðu nemenda fóru fram eftir hvert átak þar sem sérkennarar radd- hljóðlestrarprófuðu nemendur. Lesskilningspróf voru tekin og út frá þeim var skoðað hvernig nemendur unnu með lesskilninginn. Notað var lesskilninghjólið til að efla þann þátt. (Sjá Læsisstefna skólans). Tveir nemendur þurftu talkennslu.

5.bekkur
Í fimmta bekk var unnið með læsisstefnu skólans nú var tekið upp kennsluform sem hentað hefur nemendum sem komnir eru vel af stað með lestrarferlið en þurfa vinnu áfram með lesskilninginn. Allir nemendur fóru í lestrarátakið sem ber heitið *Að lesa sér til skilnings*. Nemendur sem nutu aðstoðar í námsveri í íslensku voru einnig í þessu átaki og fengu tíma í sérkennslu. Sérkennarar og umsjónarkennarar unnu þetta verkefni saman og var lögð mikil áhersla að efla skilning hjá nemendum ásamt því að vinna með hugtakakort og skapandi ritun. Hér er einnig um sértæka aðstoð að ræða þar sem námsefnið og leiðir eru aðlagaðar að þörfum nemenda. Sérkennarar prófuðu í upphafi átaks alla nemendur og síðan í lok verkefnis. Var þetta gert til að geta mælt árangur hjá nemendum. Umsjónarkennarar unnu í samvinnu við námsver í íslensku þar sem hópar komu einnig til þjálfunar í ritun. Fráviksþjónusta vegna prófatöku nemenda var í boði þegar þörf var á.

6.bekkur
Í sjötta bekk var unnið með læsisstefnu skólans. Unnið var áfram með það sem gert hafði verið í fimmta bekk og var þetta átak nú fest í sessi . Allir nemendur fóru í lestrarátakið sem ber heitið *Að lesa sér til skilnings*. Nemendur sem nutu aðstoðar í námsveri í íslensku voru einnig í þessu átaki og fengu tíma í sérkennslu. Sérkennarar og umsjónarkennarar unnu þetta verkefni saman og var lögð mikil áhersla að efla skilning hjá nemendum ásamt því að vinna með hugtakakort og skapandi ritun. Allir nemendur voru skimaðir með greiningartækinu LOGOS og voru nú teknir sömu prófaþættir og höfðu verið teknir í 4. bekk, nema mun þyngri

lestextar og prófaþætti voru nú teknir. Niðurstöður voru bornar saman við fyrri próf og framfarir skoðaðar hjá hverjum og einum.
Hér er einnig um sértæka aðstoð að ræða þar sem námsefnið og leiðir eru aðlagaðar að þörfum hvers og eins. Einnig er unnið á sama hátt með nemendur bekkjarins nema farið hraðar og dýpra í efnið. Sérkennarar prófuðu í upphafi átaks alla nemendur og síðan í lok verkefnis. Var þetta gert til að geta mælt árangur hjá nemendum. Umsjónarkennarar unnu í samvinnu við námsver í íslensku þar sem hópar komu einnig til þjálfunar í ritun. Bekkjunum var skipt upp í hópa eftir því hvað þurfti að leggja mestu áhersluna á. Lesskilninginn, leshraðann, minnisþættina, og ritunarferlið. Fráviksþjónusta vegna prófatöku nemenda var einnig í boði þegar þörf var á.

7.bekkur
Í sjöunda bekk var unnið áfram með læsisstefnu skólans.
Allir nemendur fóru í lestrarátakið sem ber heitið *Að lesa sér til skilnings*. Nemendur sem nutu aðstoðar í námsveri í íslensku voru einnig í þessu átaki og fengu tíma í sérkennslu. Sérkennarar og umsjónarkennarar unnu þetta verkefni saman og var lögð mikil áhersla á að efla skilning hjá nemendum ásamt því að vinna með hugtakakort og skapandi ritun.
Hér er einnig um sértæka aðstoð að ræða þar sem námsefnið og leiðir eru aðlagaðar að þörfum hvers og eins . Einnig er unnið á sama hátt með nemendur bekkjarins nema farið hraðar og dýpra í efnið. Sérkennarar prófuðu í upphafi átaks alla nemendur og síðan í lok verkefnis. Var þetta gert til að mæla árangur hjá nemendum. Umsjónarkennarar unnu í samvinnu við námsver í íslensku þar sem hópar komu einnig til þjálfunar í ritun. Bekkjunum var skipt upp í hópa eftir því hvað þurfti að leggja mestu áhersluna á, lesskilninginn, leshraðann, minnisþættina, og ritunarferlið. Hóparnir voru fjórir, þrír sem bekkjarkennarar sáu um, og einn hópur sem naut aðstoðar sérkennslunnar. Fráviksþjónusta vegna prófatöku nemenda var í boði þegar þörf var á. Samræmd próf í íslensku og stærðfræði voru lögð fyrir og fengu þeir nemendur sem sótt hafði verið um að taka prófin í námsveri sérkennslunnar jafnt í íslensku sem og stærðfræði.

Fjöldi nemenda skólaárin 2012-2013 sem náðu <u>viðmiðum</u> árgangs í lestri (atkvæðum á mínútum).

Skólaárið 2013 maí

		1.b.	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7.b.
Viðmið	**Atkv./mín**	60	130	180	230	300	300	350
Hlutfall nemenda í maí 2013		67%	81%	90%	86%	86%	76%	91%

Skólaárið 2013 janúar

		1.b.	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7.b.
Viðmið	**Atkv./mín**	60	130	180	230	300	300	350
Hlutfall nemenda í janúar 2013			61%	85%	85%	76%	76%	80%

Skólaárið 2012 maí

		1.b.	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7.b.
Viðmið	**Atkv./mín**	60	130	180	230	300	300	350
Hlutfall nemenda í maí 2012		78%	85%	88%	85%	70%	93%	90%

Skólaárið 2012 janúar

		1.b.	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7.b.
Viðmið	**Atkv./mín**	60	130	180	230	300	300	350
Hlutfall nemenda í janúar 2012			57%	91%	80%	64%	93%	90%

Skýrsla náms- og starfsráðgjafa

Skólaárið 2012-2013 voru þrír námsráðgjafar: Elín Einarsdóttir 50% , Katrín Þorgrímsdóttir 100% og Berglind Gunnarsdóttir 100%. Eftirfarandi þjónusta var í boði þennan vetur: Einstaklingsráðgjöf, hópráðgjöf, kvíða-námskeið, náms- og starfsfræðsla, hópefli og bekkjarráðgjöf.

Ástæður tilvísana:

Ástæður tilvísana eða þess að nemendur leituðu til námsráðgjafa voru margvíslegar. Þær voru vegna: námstækni, persónulegra- og félagslegra erfiðleika ásamt erfiðleikum í samskiptum, gruns um einelti og vali á framhaldsskóla.

Heildarfjöldi þeirra nemenda eftir kyni (eldra stig) sem fengu einstaklingsráðgjöf:

Stúlkur : 130
Drengir: 85
Í þessum tölum eru ekki fjöldi viðtala við foreldra/aðstandenda og aðra aðila sem komu að málum ráðþega.

Skipting á heildarfjölda nemenda eftir þjónustu:

Einstaklingsráðgjöf	167 nemendur
Náms- og starfsfræðsla	82 nemendur (10.bekkirnir)
Bekkjarráðgjöf-bekkjarvinna	68 nemendur (eldra stig)
Námskeið –hópráðgjöf	48 nemendur
Hópefli-kennsla (8.bekkirnir allur veturinn)	82 nemendur
heildartala	447 nemendur

Samkvæmt töflu fengu sumir nemendur bæði einstaklingráðgjöf og hópráðgjöf.

Skipting nemenda sem fengu einstaklingsviðtöl eftir árgöngum

Árgangur	Fjöldi nemenda	Hlutfall af heildarfjölda
1.bekkur	18 nemendur	18%
2.bekkur	19 nemendur	20%
3.bekkur	22 nemendur	22 %
4.bekkur	30 nemendur	30%
5.bekkur	6 nemendur	10 %
6.bekkur	24 nemendur	36 %
7.bekkur	24 nemendur	37 %
8.bekkur	23 nemendur	28 %
9.bekkur	47 nemendur	66 %
10.bekkur	42 nemendur	51 %

Önnur verkefni námsráðgjafa

- Tengslakönnun. Umsjón og eftirfylgni.
- Saman í sátt. Fundir og vinna að áætlun ásamt vinnu með kennurum.
- Reglulegir fundir námsráðgjafa í Kópavogi.
- Nemendaverndarráðsfundir.
- Nýir nemendur.
- Samvinna við kennara varðandi hinna ýmsu ráðþega.
- Samvinna við foreldra vegna ráðþega.
- Samvinna við deildarstjórnendur og aðra stjórnendur.
- Samvinna við stoðteymi skólans.
- Samvinna við félagsþjónustu Kópavogsbæjar og aðra fagaðila utan skólans.
- Endurmenntun. Ráðstefnur og málstofur og fleira.
- Fyrirlestrar varðandi einelti og skólabrag og viðtalstækni.

Markmið næsta veturs og framtíðarsýn:

- Auka náms- og starfsfræðslu.
- Auka við hópráðgjöf varðandi kvíða.
- Áframhaldandi þróun í samvinnu námsráðgjafa í Álfhólsskóla og Kópavogi varðandi jafnræði við þjónustu nemenda Kópavogi.

Þekkingarsmiðja Álfhólsskóla

Haustin er annasamur tími í Þekkingarsmiðju Álfhólsskóla. Þá fer fram öll frumskráning á nýju námsefni og þar er einnig úthlutað öllu námsefni unglingastigs til nemenda í gegnum Gegni. Þannig verður til tvöfalt skráningarkerfi á hvern nemanda þ.e. bæði kennari og Þekkingarsmiðja heldur utan um hvaða gögn hver nemandi er með. Þannig má bæði rekja á skólatíma hver er með gagnið í notkun einnig stuðla að betri heimtum námsgagna að vori.
Að hausti er farið yfir áætlanir um lestrarátök og aðra viðburði og hvaða gögn vanti. Innkaup á námsefni er á herðum deildarstjóra unglinga- og miðstigs. Þekkingarsmiðja hefur þó fengið að koma með ábendingar um innkaup á námsefni í takti við þarfir og nýjungar í skólastarfi.

Strax að hausti er öllum nemendum í fimmta bekk, sem eru að hefja nám á nýjum stað, boðið í Þekkingarsmiðju til að kynna starfið fyrir þeim og einnig til að þau viti hvert þau geti leitað til að ná sér í lestrarbækur og bækur til yndislesturs.

Skráning og lyklun

Það er starf forstöðumanns að skrá og lykla allt nýtt efni og koma því í notkun. Einnig þarf að hanna útlánakort fyrir alla nýja nemendur en þar sem nemendur hefja starfið í Digranesi er ekki mikið um nýskráningu að ræða í Hjalla heldur að útlánaskírteini færist á milli húsa.
Hreyfing samkvæmt tölum Landskerfis 2012. Eru í heild 4.716 eintök.

Starf sem skólasafnið stendur fyrir

Þó skólasafnið sé einungis hluti af Þekkingarsmiðju stendur það þó fyrir nokkrum viðburðum sem aðrir þættir þverfaglegu samvinnunnar koma ekki að. Má þá nefna:
Spurningakeppnina *Lesum meira,* bókmenntaverðlaunum barnanna, dag barnabókarinnar og *Ljóð unga fólksins*.
Þessum viðburðum hefur þegar verið gerð skil í annál skólaársins fyrr í þessari skýrslu.

Þekkingarsmiðjan og stuðningur við allt annað nám

Í nýrri aðalnámskrá, sem hafin er innleiðing á, er miðað við að upplýsinga- og tæknimennt vinni þvert á greinar og sé stuðningur við fjölbreyttari og fleiri leiðir fyrir hvern nemanda. Hlutverk Þekkingarsmiðju verður þá meira til ráðgjafar og samvinnu eða samþættingar milli ólíkra námsgreina.

Á árinu kom Þekkingarsmiðjan að kennslu í upplýsinga- og tæknimennt í öllum bekkjum á miðstigi og í 8. bekk. Í kennslunni er lögð áhersla á að þjálfa nemendur í notkun helstu forrita og upplýsingaleit á vef. Jafnframt er

unnið með upplýsingalæsi í víðum skilningi, gerð heimildaritgerða og einfalda vefsíðugerð svo eitthvað sé nefnt. Í kennslunni og námi nemenda eru gerðar stigvaxandi kröfur eftir því sem nemendur þroskast. Markmiðið var að leggja áherslu á þverfaglega vinnu í kennslunni en hún hefur þó verið minni en að var stefnt. Tölvuver skólans er mikið bókað og þá skapast erfiðleikar við skipulagningu á þverfaglegri vinnu ef tölvuverið er alltaf upptekið á þeim tímum sem einstaka faggreinar eru í kennslu.

Í Þekkingasmiðjunni er nemendum jafnframt kynntir þeir möguleikar sem frjáls og opinn hugbúnaður hefur að bjóða.

Aukið samstarf, viðurkenningar og styrkir

Á starfsárinu hefur samstarf við hin ýmsu söfn og stofnanir verið aukið til muna. Einnig er það gleðilegt að Þekkingarsmiðjunni hafa borist góðir styrkir og viðurkenningar fyrir gott starf.
Við höfum átt samstarf við Upplýsingu, fagfélag um bókasafns- og upplýsingafræði og átt fulltrúa í stjórn Landsfundar sem haldinn var á haustmánuðum.
Samstarf er milli safna við vinnu að ljóðabókinni *Ljóð unga fólksins* en þar höfum við átt fulltrúa í samstarfshópi með Snælandsskóla og Bókasafni Kópavogs. Einn dómnefndarfulltrúanna, Steinarr Þór Þórðarson, kom úr hópi íslenskukennara Álfhólsskóla. Er honum hér með þakkað samstarfið.
Bókin var gefin út á sumardaginn fyrsta og voru veittar sex viðurkenningar í tveim aldurshópum fyrir bestu ljóðin. Ein viðurkenningin kom til Kópavogsbúa.
Við höfum átt stjórnarmann í IBBY á Íslandi til þriggja ára en Siggerður Ólöf Sigurðardóttir forstöðumaður Þekkingarsmiðjunnar gekk úr stjórn á vordögum en síðan eiga skólasöfnin engan fulltrúa í því ágæta félagi.
Félag fagfólks á aðsetur í Álfhólsskóla og hefur Siggerður Ólöf veitt því félagi forystu síðustu sjö árin og er hefð fyrir því að aðsetur félags sé á vinnustað formanns. Flestir félags- og stjórnarfundir hafa því verið haldnir í Álfhólsskóla undanfarin ár.
Við eigum fulltrúa í stjórn Barnabókaseturs Íslands á Akureyri og höfum átt fulltrúa í Gerðubergsnefndinni en það er nefnd sem heldur utan um árlega dagskrá sem tileinkuð er barnabóka- og barnamenningu á Íslandi. Gerðubergsdagurinn var haldinn 9. mars að þessu sinni. Var gaman að sjá grunnskólakennara fjölmenna á þá dagskrá.
Spurningakeppnin *Lesum meira* fékk líka nokkra athygli. Samvinna var tekin upp milli sex skóla í Kópavogi um að halda keppnina en ekki alveg með sama sniði og því hefur ekki enn verið keppt milli skóla eins og til stóð. Keppnin hefur verið kynnt á landsvísu á aðalfundi Barnabókaseturs Íslands á Akureyri og eru allir sammála að fleiri slík verkefni þyrfti að virkja til að auka bóklestur barna og unglinga.
Keppnin hlaut styrk frá Soroptimistum í Kópavogi og einnig Kiwanisklúbbnum Eldingu. Birtust greinar í bæjarblöðunum um þessar viðurkenningar.

Stutt samantekt úr skýrslum umsjónar- og faggreinakennara

Yngsta stig

Áherslan í starfinu með 1. bekk var á lestrarkennslu, lesskilning og ritun. Innlögn stafa var samþætt inn í ólíkar námsgreinar. Hjá umsjónarkennurum kemur fram að starfið hafi almennt gengið vel. Á næsta ári þarf þó að huga betur að lestrarferlinu í byrjun skólaársins. Mikilvægt að koma vinnu í læsishópum af stað eins fljótt og auðið er í byrjun vetrar. Einstaklingsmiðaða námið í stærðfræðinni gekk vel. Mat kennara er að nemendum hafi almennt liðið vel og foreldrar hafi verið ánægðir.
Hjá 2. bekk var áherslan í starfinu tengd gildum skólans, menntun sjálfstæði og ánægju. Unnið var í læsishópum út frá stöðu nemenda og áhersla á læsisverkefni. Nemendur metnir samkvæmt einstaklingsnámskrám. Umsjónarkennarar almennt sáttir með afrakstur vetrarins.
Í 3. bekk var áherslan á virkni, samvinnu og vellíðan. Kennt var í getuskiptum hópum í stærðfræði og íslensku. Þróunarstarf í árgangnum beindist að læsi og vinnu í getuskiptum hópum í stærðfræði til að koma sem best á móti þörfum hvers og eins nemanda. Niðurstaða kennara eftir veturinn er að huga þurfi betur að hópaskiptingu í læsi og stærðfræði og vera betur vakandi gagnvart því að færa nemendur á milli hópa eftir virkni og getu. Bæta þarf útfærslu á kennsluáætlunum í stærðfræði. Kennarar vilja koma á fleiri tímum í verklegri stærðfræði og stefna á það í 4. bekk á næsta skólaári.
Hjá 4. bekk var árhersla vetrarins á samheldni, samkennd og samvinnu. Bekkirnir unnu mikið saman yfir veturinn við ýmiss verkefni og endað á stóru útskriftarverkefni um vorið. Í náminu var lögð áhersla á að vinna með nemendur í getuskiptum námshópum í læsi og stærðfræði. Í stærðfræði var tekið upp verkefnið „kennsla við hæfi“ þegar niðurstöður úr samræmdum prófum lágu fyrir.
Veturinn gekk í heildina vel að mati umsjónarkennara og samstarf kennara gekk vel.

Miðstig

Áherslur vetrarins hjá 5. bekk voru á lestur og lesskilning sem og stærðfræði. Að mati kennara gekk skólastarfið vel í vetur. Nemendur sýndu framfarir í námi, leik og samskiptum. Samstarf við foreldra gekk vel og nemendum hefur almennt liðið vel í skólanum.
Í 6. bekk var lögð mikil áhersla á lestur lesskilning og ritun. Nemendur þurftu að vinna eina ritgerð í hverjum mánuði samkvæmt reglum um ritgerðasmíð. Nemendur sýndu miklar framfarir í ritun á árinu. Jafnframt var átak við eflingu stærðfræðináms allan veturinn. Mat kennara er að veturinn hafi í flestu gengið vel. Sérstaklega er tekið fram að tekið hafi verið af festu á agamálum sem upp komu á skólaárinu með góðum árangri.
Í 7. bekk var lögð áhersla á að stuðla að einstaklingsmiðuðu námi, að nemendur hefðu tækifæri til að vinna miðað við eigin hraða og getu. Áhersla á jákvæð samskipti innan verkefnisins Saman í sátt. 7. bekkur fór í námsferð að Reykjum í Hrútafirði í eina viku.

Elsta stig stig

Í 8. bekk voru bekkir stokkaðir upp fyrir upphaf skólaársins og því var áhersla á að efla bekkjarandann. Nemendur 8. bekkjar eru að hefja nám á unglingastigi og hafa þá í fyrsta skipti val um hvort þeir fara út í frímínútur. Það þurfti að taka sérstaklega á hegðun nemenda á sal og á göngum í frímínútum. Sérstaklega þarf að huga að eftirliti með hegðun þessa árgangs í upphafi skólaárs vegna þessara breytinga. Mat kennara var að starfið hafi hins vegar almennt gengið samkvæmt áætlun.
Í 9. bekk lá áhersla árgangsins á að efla félags- og námsþroska nemenda. 9. bekkur fór í námsferð að Laugum í Sælingsdal í eina viku. Unnið var á bekkjarfundum með stelpu- og strákahópa undir hatti verkefnisins Saman í sátt. Í mati umsjónarkennara á starfi vetrarins kemur fram að mikil vinna hafi farið í ýmiss einstaklingsmál og samskipti einstakra nemendahópa í árganginum.
Áhersla vetrarstarfsins í 10. bekk markaðist af því að nemendur voru farnir að huga að útskrift og hvað tæki við eftir að grunnskóla lyki. Ástundun og vinnusemi jókst eftir því sem leið á veturinn þegar nemendur voru farnir

að huga að því í hvaða nám og í hvaða framhaldsskóla þeir vildu stefna á næsta ári. Nýbreytni innan árgangsins fólst fyrst og fremst í því að nokkrir nemendur höfðu valið leikskólaval í frjálsu vali og störfuðu með leikskólanum einu sinni í viku. Innan verkefnisins Saman í sátt voru mikil samskipti við vinabekkinn sem var 1. bekkur. Góð tengsl mynduðust milli nemenda vinabekkjanna.
Heildarmat umsjónarkennara eftir veturinn var almenn ánægja með skólastarfið, engar óvæntar uppákomur skemmdu þá heildarmynd. Nemendur virtust almennt glaðir og ánægðir.

List- og verkgreinar

Í skýrslu kennara list- og verkgreina kemur glögglega fram hversu mikil fjölbreytni og gróska er í kennslunni innan skólans. Nemendur á öllum stigum eru almennt mjög ánægðir með námið og eru að skila góðu verki. Almenn ánægja kemur fram hjá kennurum varðandi starfið og árangur vetrarins.
Í skýrslunum koma fram ábendingar varðandi þætti til úrbóta sem varða aðstöðu og tæki til list- og verkgreinakennslu. Þessar ábendingar ásamt öðrum ábendingum og óskum úr skýrslum kennara hafa verið teknar saman sérstaklega til úrvinnslu í tengslum við innra mat og úrbótaáætlun skólans.

Erlend tungumál

Kennari í ensku á yngsta stigi gefur yfirlit yfir áherslur og uppbyggingu kennslunnar. Almennt gekk kennslan vel og nemendur ánægðir í enskutímum. Ábendingar varða helst skort á verkefnum fyrir duglega og bráðgera nemendur en einnig að enskan reynist sumum nýbúum erfið sem og nemendum sem þurfa mikla sérkennslu. Stuðning við þessa nemendur þurfi að meta sérstaklega út frá hverjum einstaklingi.
Kennsla í ensku á miðstigi gekk vel. Nefnt sem kostur að sami kennari hafi séð um kennsluna og þannig fengið betri yfirsýn yfir þarfir einstakra nemenda. Það að hluti nemenda hafi geta fengið stuðning í sérstofu hafi gefist vel og þannig hafi verið unnt að koma betur á móts við mismunandi stöðu og þarfir nemenda. Þó þurfi að huga betur að stuðningi í ensku við nemendur sem hafa „útskrifast“ úr nýbúadeild.
Kennari sem sér um sérkennslu í ensku á miðstigi óskar eftir betri aðstöðu og búnaði fyrir kennsluna. Nemendur sem komu í sérkennslu bættu stöðu sína, sýndu ábyrgð í námi og voru almennt ánægðir í kennslunni.
Hvað varðar kennslu í ensku á unglingastigi var bent á að kostur væri að hafa aðgang að fleiri tölvum í kennslunni. Einnig að hafa aðstöðu til að geta nýtt hlustunarefni meira en núverandi aðstaða býður upp á.
Kennari í dönsku á unglingastigi leggur áherslu á fjölbreytni í viðfangsefnum til að auka áhuga nemenda á dönskunni og auka vinsældir greinarinnar. Tenging verkefna við gerð myndbanda reyndist vel og stefnt er að þróa þann þátt áfram. Dönskukennari saknar þess eins og kennari í ensku að hafa ekki betri aðgang að tölvum til að styrkja námið og kennsluna.

Íþróttir og sund

Kennarar almennt ánægðir með ástundun og virkni nemenda í náminu. Aðstaða um flest góð en þó vantar úrbætur hvað varðar aðstöðu til að stunda körfuknattleik.
Nýting tíma sem skarast við eða falla að bóklegri kennslu þyrfti að vera betri. Nemendur hafa of stuttan tíma til að fara á milli húsa og eru því að mæta á misjöfnum tíma. Þetta þurfi að skoða sérstaklega.
Íþróttakennarar hafa einnig áhyggjur af vöktun í búningsklefum íþróttahúss. Hún hafi almennt ekki verið fullnægjandi.

Lokaorð

Álfhólsskóli er stór grunnskóli sem býður fjölþætta og öfluga þjónustu. Auk þess að sinna hlutverki sínu sem hverfisskóli er hann móttöku skóli fyrir nýbúa í Kópavogi og með sérhæfða þjónustu fyrir einhverfa nemendur. Auk þess rekur skólinn fjölmenna Dægradvöl fyrir yngri nemendur eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur. Einkunnarorð skólans eru: Menntun, sjálfstæði, ánægja.

Nemendur skólans eru fjölbreyttur hópur með mjög ólíkar þarfir sem rík áhersla er á að mæta út frá þörfum og forsendum hvers og eins. Innan skólans er lögð áhersla á þróunarvinnu til að efla skólastarfið enn frekar. Þar má sérstaklega nefna þróunarverkefni um læsi sem hefur ótvírætt skilað nemendum miklum ávinningi.

Nemendur skólans hafa skilað góðum árangri á samræmdum prófum undanfarin ár og framfarir sýnilegar milli ára. Í heild stendur skólinn vel í samanburði við landsmeðaltal.

Í byrjun ársins 2013 fór fram ytra mat á starfsemi skólans. Fyrstu niðurstöður lágu fyrir í júní og endanleg skýrsla birt á haustmánuðum. Niðurstaðan úr þessu mati var í heild mjög jákvæð og hvetjandi fyrir skólann. Ytra mat á starfseminni ásamt því reglulega innra mati sem unnið er í skólanum eru mikilvæg tæki fyrir stjórnendur og starfsmenn til að efla skólastarfið og gera góðan skóla enn betri.